

This is a reproduction of a library book that was digitized by Google as part of an ongoing effort to preserve the information in books and make it universally accessible.

GoogleTM books

<https://books.google.com>




Scan
3840
6

WIDENER



HN TA2W R

Scan. 3840.6



Harald Jensen
Kjøbenhavn, Danmark, 1902

ALÞINGISSTAÐUR

HINN FORNI

VIÐ ÖXARÁ,

MED UPPDRÁTTUM

EPTIR

SIGURÐ^{ur} GUÐMUNDSSON,
MÁLARA.

KAUPMANNAHÖFN.

Í PRENTSMÍÐJE S. L. MÖLLERS.

1878.

Scan 3840.6

Harvard College Library
Plant Collection
Gift of Mrs. E. C. Hammer
Jan. 27, 1902

Yfirlit.

Formáli, bls. 3—8.

Um fornar búiðir, eldri en Sturlunga tíð, bls. 9—27.

Búið Gríms Svertíngssonar.

— Markúsar Skeggjasonar.

— Skapta lögsögumanns Þóroddssonar.

} 9.

1. Njáls búið, bls. 9.
2. Rángæinga búið, 9—10.
3. Rángvellinga búið, 10.
4. Ásgríms Ellidagrímssonar búið, 10.
5. Egils Skallagrímssonar búið, 10.
6. Þorskfirðinga búið, 10.
7. Allsherjar búið, 11.
8. Búið Reykdæla og Skordæla, 11.
9. Mosfellínga búið (Gizurar hvíta), 11.
10. Búið Geirs goða, 11.
11. Dalamanna búið, 12.
12. Vatnsfirðinga búið, 12—13.
13. Lángdæla búið, 13—14.
14. Vatnsdæla og Viðdæla búiðir, 14.
15. Skagfirðinga búið, 14.
16. Möðruvellinga búið, 14—15.
17. Guðmundar ríka búið, 15.
18. Virkisbúið eður búið Snorra goða, bls. 15—16.
19. Hlaðbúið, eður búið Eyjólfis Bölverkssonar, 16—18.
20. Búið Gestis Oddleifssonar, 18.
21. Vestfirðinga búið og Krossskarð, 18—19.
22. Búið Þorgeirs Ljósvefninga goða, 19.
23. Búið Hjalta Skeggjasonar, 19.
24. Búið Þorgeirs Þórissonar og Reykhliðinga, 19—20.
25. Ljósvefninga búið, 20.
26. Búið Öxfirðinga, Reykdæla og Ljósvefninga, 20—21.
27. Austfirðinga búið, eða Þorkels Geitissonar, 21—22.
28. Sáms búið og Hrafnkels Freysgoða, 22—23.
29. Búiðir Kiðjafellinga (Njarðvíkinga, Fljótsdæla og Breiðdæla), 23.
30. Flosa búið eður Svínfellinga búið, 23—24.
31. Síðu-Halls búið, 24.
32. Biskupa búið (Gyrðs búið. Ögmundar búið), 24.
33. Byrgisbúið eður Flosabúið, 24—25.
34. Búið Illuga svarta, 26.
35. Búið Skaptártúngumanna og Mýdæla, 26—27.

Búðir Sturlunga. Jöklamanna búð (1234), bls. 28—29.
Allsherjarbúð (1217—31), 29—30.
Búð Sturlu Sighvatssonar (1229), 30—31.
Valhöll Snorra Sturlusonar, (1231), 31—32 (mynd 1).
Valhallardilkur, 32—33.
Gryta Snorra Sturlusonar, (1213—14), 33.
Búð Þórðar Sturlusonar, (1224—29), 33.
Búð Orms Svinfellings, 33—35.

Lag á búðum: Tjaldbúð (mynd 2.), 35—36.
Hlaðbúð (mynd 3.), 37.
Virkisbúð (mynd 4.), 38.
Grunnmynd búðar, (mynd 5.), 39.
Húðfat, (mynd 6.), 40.

Um lögrættuna, bls. 41—46.
Fjórðungsdómar, 47—48.
Lögborgisskipan, 48—49.
Lögborgisganga, 49.
Dómhringur á lögbergi, 49.
Gjörðir manna á lögbergi, 49—50.
Störf lögsögumanns, 51.
Öxarárbrú, (mynd 7.), 51—52.
Klukknafort, (mynd 8.), 53.
Þingmanna kirkja, (mynd 9.), 52, 54.
Búanda kirkja, 52—53. Búanda kirkjugarður, 57—59.
Efri gjáin, 55.
Drekkingar hylur í Öxará, 55. Sundleikar í Drekkingar hyl, 56.
Höggstaður karlmanna, 56.
Galdrabrennur, 56.
Saunghellir, 56.
Skötutjörn, Skötugjá, Kattargjá, 57.
Seiglugjá, Túngjá, Fjósagjá, 57.
Þinghelgi, þingmörk, 59.
Þingbrekka sem misskilið örnefni, 59.
Hamraskarð, 60—62.
Fjórðungsdóma þingstaður, 62—64.
Eptirmáli, 65—66.

ÞÍNGVÖLLUR VIÐ ÖXARÁ,

EDUR

**LÝSING ÞESS SVÆÐIS, ER ÞÍNGHELGI ALÞÍNGIS ÍSLENDÍNGA
HINS FORNA NÁÐI YFIR.**

1861.

MENN munu varla geta hugsað sér svo ómenntaðan og einfaldan Íslending, að hann hafi ekki að einhverju heyrt getið Þíngvallar, annaðhvort vegna þeirra merku söguviðburða, er þar urðu í fornöld, og þeir hafa lesið eða heyrt í vorum frægu fornsögum, eður vegna ymsra viðburða og hryðjuverka, er þar urðu á seinni öldum, eður og vegna þeirra furðuverka náttúrunnar, sem þar er að sjá. Það mun því vera óhætt að fullyrða, að flestir Íslendingar skapi sér Þíngvöll í huganum, þó þeir hafi aldrei Þíngvöll sæð, um leið og þeir fylgja með huganum sporum vorra frægu forfeðra á Þíngvelli, er þeir störfuðu þar í þíngdeilum og lagasetningum. Mannsins hugsunarafl er þannig háttað, að menn vilja ætíð hugsa sér þá staði fegursta, þar sem miklir og merkilegir viðburðir hafa orðið, og getur því ímyndunaraflíð opt illa svikið marga, er þeir með líkamlegum augum sjá þesskonar staði, er þeir áður hafa hugsað mikið um; þó mun mega fullyrða, að fáir eða engir hafa svo mikið og skapandi hugsunarafl, að þeir geti hugsað sér Þíngvöll fjölbreyttari, fegri og stórkostlegri, en hann í sjálfu sér er. Í fyrsta sinn, er eg rendi augum yfir Þíngvöll, varð mér einsog fleirum, aldrei þessu vant, mjög hverft við, því þá sá eg fyrst þann stað, er mér fannst að öllu fegri og stórkostlegri, en eg hafði hugsað mér, og hafði eg þó talsvert ljósa hugmynd um Þíngvöll. Þegar eg reið fram með Almaunagjár-hamrinum, ofan Almunnagjá, var eins og snögglega væri kallað til mín: „Ef að þessir þegðu, mundu steinarnir tala“; það var það fyrsta sem eg hugsaði, enda er nú svo komið, að svo má fullkomlega að orði kveða, að dauðir steinarnir segi manni bezt sögu Þíngvallar, og þeir benda mönnum sannarlega á,

hvað þar hefir farið fram, og hvernig þar hefir verið háttað, þó mennirnir hafi pagað.

Það mun vera óhætt að fullyrða, að Þíngvöllur sè af náttúrunni sá stórkostlegasti, fjölbreyttasti og þessvegna sá fegursti staður á Íslandi. Því enginn staður á Íslandi sameinar eins aðdáanlega allan svip Íslands; hèr er sýnishorn af öllu því helzta. Hèr eru fjöll, jöklar, gjár og graslendi, hamragarðar og hraun, ár og fossar, sléttlendi, brekkur og skógur og vatn, hèr vanta einungis hverir og laugar. Að sunnanverðu er Þíngvallavatn, það mesta vatn á Íslandi, og er enn fagurt að sjá suðurfjöllin í því á kyrru sumarkveldi; að austan og vestan umgirða staðinn ákaflega háfir hamragarðar, er gánga neðan frá vatni og allt upp til fjalla, sá eystri er lægri og óreglulegri, og litur út frá Þíngvöllum eins og svartur múrveggur, sem er langt í burtu. Þessi hamragirðing er eystri barmurinn á Hrafnagjá, sem er langtum hærri en sá hinn vestari.

Vestri hamragarðurinn er langtum hærri og reglulegri, og gnæfir við himininn einsog svartur múrveggur, það er Almannagjárhamarinn vestri. Um þessa umgirðing Þíngvallar kvað Jónas Hallgrímsson:

Hamra girðing há við austur
Hrafna rís úr breiðri gjá;
varna-meiri veggur traustur
vestrið slítur bergi frá.
Glöggst eg skil, hví Geitskór vildi
geyma svo hið dýra þíng;
enn þá stendur góð í gildi
gjáin, kend við almenning.

Upp úr hamrinum standa hèr og hvar stórir dráugar, og er að sjá að þeir sè reknir einsog fleigar ofaní hamragarðinn; stærsti og fegursti dráugurinn er aðseturstaður arnarinnar, og mun hún hafa ríkt þar frá alda öðli. Hver maður, sem sèr þessa stórkostlegu hleðslu, hlýtur að undrast þetta stórvirki náttúrunnar og segja með skáldinu:

Hver vann hær svo að með orku?
aldrei neinn svo vígi hlóð;
búinn er úr bálastorku
bergkastali frjálsri þjóð.

Til að auka enn meir fegurð Þíngvallar, veittu forfeður vorir Öxará ofaná Þíngvöll, og er það ekki alllítill þýði, að sjá hvít-freyðandi fossinn steypast ofanaf svörtum hamragarðinum, þar sem vegurinn liggur ofan á sjálfan Þíngvöllinn; það er einsog fossinn sè upprunalega settur þar, til að bjóða gestum velkomnum á þenna fagra stað. Að norðan er Þíngvöllur umgirtur af fjöllum, vestast eru Súlur, síðan Ármannsfell og austast er fjallið Skjaldbreiður; úr því fjalli hefir allt Þíngvallahraun runnið til forna, og má það heita móðir Þíngvallar. Á sumrin er þetta fjall allt þakið hvítum jökuldílum, er sjaldan bráðna algjörlega burtu, því náttúran hefir keyrt þá fast inn í fjallið. Þessi litur fjallsins og lögun þess, sem líkist mest smeltum törguskildi á hvolfi, hefir gefið því nafnið Skjaldbreið, sem Jónas Hallgrímsson kvað:

Fanna skautar faldi háum
fjallið, allra hæða val,
hrauna veitir bárum bláum
breiðan fram um heiðardal.
Laungu hefir Logi reiður
lokið steypu þessa við;
ógna skjöldur búngubreiður
ber með sóma rættnefnið.

Þíngvalla-hraun er bogadregið og hæst í miðju, en hækkar á báðar hliðar út til gjánna, sem hefir eflaust orsakast af því, að þegar hraunið hefir myndast og storknað, hefir það í miðju hvílt á föstum grundvelli, en til beggja hliða hefir það sokkið ofan í gamlan árfarveg eður votlendi, og um leið og það seig niður, hefir það sprungið til beggja hliða og við það hafa myndast Almannagjá og Hrafnagjá, en hraunið staðið kyrt í miðju, sem skáldið kvað:

Kyrt er hrauns á breiðum boga,
 blundar land í þráðri ró;
 glaðir næturglampar loga,
 geislum sá um hæð og mó;
 brestur þá, og yzt með öllu
 í undirhvelfing hraunið sökkt;
 dunar langt um himinhöllu,
 hylur djúpið móða dökk.

Um allt hraunið, þar sem fyrrum hafa verið þessi miklu og ógurlegu umbrot, er nú víða fagurt graslendi og skógi vaxið í skjóli gjánna, en enginn skógur fyrir ofan gjábakkana. Um leið og Almagnagjá myndaðist og eystri bakki hennar seig ofaní djúpið, hefir hraunið þar fyrir austan sigið til vesturs ofaní það sama djúp, og um leið rifnað allt suður í vatn í tvennu lagi; þannig hefir náttúran myndað þær tvær gjár, er umkrínja lögberg og gjöra það að sterku vígi, er standa mun um aldur, sem skáldið kvað:

Svo er treyst með ógn og afli
 alþjóð minni helgað bjarg;
 breiður, þakinn bláum skafi,
 bundinn treður foldarvarg;
 grasið þróast grænt í næði,
 glóðir þar sem runnu fyr;
 styður völlinn bjarta bæði
 berg og djúp; hann stendur kyr.

Um leið og náttúran myndaði Almagnagjá og lét eystri bakka hennar síga og hallast ofaní djúpið, þá myndaði hún þar fagra brekku, handa ættmæðrum vorum að sitja í og skemta sér með unnustum sínum; þessi brekka er að vestanverðu með endilaungum Þingvelli og eykur hún mjög fegurð staðarins. Þar fyrir austan, milli Almagnagjár og lögbergsgjánna, þar sem hálfstorknað hraunið sökkt í fyrndinni ofaní logandi eldsdjúp, hefir í fornöld verið sléttur völlur, mjög fagur. Síðan veittu fornmenn Öxará ofaná völlinn neðanverðan, og létu hana kljúfa sig um þann fagra hól, er hólmgangurnar

voru háðar í; síðan skiptu þeir vellið allt í kringum ána í fjórðunga, og þar settu allir höfðingjar landsins búðir sínar, dóma og lögrættur. Sá völlum hefir síðan verið kallaður *Píngvöllur*, allt til þessa dags.

Það er sannarlega til heiðurs forfeðrum vorum, að þeir skyldu velja svo heppilega sinn þíngstað, sem er svo fagur og haganlega víggirtur af náttúrunni. Grímur geitskór, er sendur var um allt land að leita að hæfilegum þíngstað, á þó einkum þenna heiður skilið, því þetta er vottur um hans miklu fegurðartilfinning og hyggjuvit. Það munu fáir efa, að Þíngvöllur sé af náttúrunni sá merkasti staður á Íslandi, en það er ekki ætlan mín að fara fleirum orðum um það að sinni, því það er rétt, að allir viti, að Þíngvöllur hefir þessa kosti til að bera, framar öllum stöðum á Íslandi. Eg get um þetta vegna þess, að margir eru þeir, sem snögglega og kærulaust ríða um þenna stað og þaðan aptur, án þess að þeir viti eða vili vita, að þar sé nokkuð að ihuga meira en annarstaðar. — Nú vil eg alvarlega snúa mér að staðnum, og lýsa honum og rannsaka hann einsog hann kom mér fyrir sjónir, og sem eg held að auðið sé að svo stöddu, án frekari kostnaðar og meiri vísindalegri rannsókna.

Menn verða að afsaka, þótt mér kunni að skjátlást í mörgu, enda er mér þetta langt ofvaxið efni; þar að auki er eg með þeim fyrstu, sem nokkuð alvarlega hafa rannsakað efnið, og vona eg því, að þeir, sem á eptir koma og betur vita, segi almenníngi hvað rángt er, og leiði þannig sannleikann í ljós, en bæti við því sem vantar, því hér mun sannast hið fornkvæða, að betur sjá augu en auga, enda er eg viss um, að margir verða að rannsaka Þíngvöll, áður hann er full-rannsakaður, því það er fullkomlegt vandaverk, og mega menn því ekki undrast yfir, þótt nokkuð ólíkar skoðanir komi fram á meðan öll rök eru ekki til tínd, sem gjöra málið ljósara og gefa því fastari stefnu. Eg vil einkum tilfæra tvennt, sem er enn órannsakað til hlítar, og sem menn þó verða alltaf að hafa í huganum við þessa rannsókn, en það er vor forna

málatilskipan og lög, og goða-ættir, goðatal og goðorðaskipting. Mèr finnst og vera nauðsynlegt að setja sem flest búða nöfn á svæðið, því annars er hèrumbil ómögulegt að skrifa um það, án þess að menn ruglist í því, eður það verði með öllu óskiljanlegt, hvað maður segir; menn verða því sem fyrst að koma sèr saman um aðal-búðanöfnin, að menn geti haft eitthvað fast, að gánga út frá. — Eg hefi ekki ráðizt í það, af því að eg hafi treyst mèr til þess, heldur af hinu, að eg sá, að það þurfti að gjörast sem fyrst, áður en allt gleymdist, en eg vissi ekki til, að neinn ætlaði að reyna það í bráð, og er það stór undur og mikill skaði, að það skuli hafa dregizt svo lengi, því allar þesskonar rannsóknir verða því örðugri og ófullkomnari sem menn draga þær lengur; en fyrst að hèr er nú ekki orðið um auðugri garð að gresja, sem menn þó einúngis geta kennt um sínu eigin kæruleysi og forfeðra sinna, þá verða menn að taka á móti þessari fátæku byrjun, heldur en engu.

Um fornar búðir, eldri en Sturlunga tíð.

Búðir þeirra GRÍMS SVERTÍNGSSONAR, er bjó á Mosfelli, og MARKÚSAR SKEGGJASONAR og SKAPTA lögsögumanns ÞÓRODDSSONAR set eg beinlínis eptir þingbúða röðinni (*katastasis*)¹ og fylgi henni norðan frá og suður eptir, eins og skrifað stendur í röðinni sjálfri, því hún telur búðirnar að vestanverðu norðan frá suður eptir; líklegt er, að Önundur að Mosfelli hafi haft sömu búð og Grímur Svertíngsson, því hann var goðorðsmaður og mágur hans.

Búðir þeirra
Gríms Svertíngs-
sonar, Skapta
og Markúsar
Skeggjasonar.

1. NJÁLSBÚÐ set eg eptir búðaröðinni og almennri sögu, Njálsbúð. sem við helzt enn í dag, og getur maður ekki neitt talið á móti því. Af Njálu kap. 51 lítur svo út, sem Gunnar á Hlíð-arenda hafi verið í Njálsbúð árið 985, þar segir, að »Gunnar gekk heim til búðar og sagði Njáli« ráðagiörð Rúts. Einnig munu afkomendur Holta-Þóris hafa haft sömu búð og Njáll.

2. RÁNGÆFINGA BÚÐ set eg beinlínis eptir búðaröðinni, Rángæfinga búð. því þar segir, að hún sè »fyrir ofan og vestan Gizurar hvíta búð, út með berginu«. Þannig er það orðað í þremur handritum af búðaröðinni, er eg hefi haft fyrir mér, en í útskýring Guðmundar Skagfjörðs yfir búðaröðina stendur: »fyrir utan og vestan Gizurar hvíta búð«, og getur allt þetta verið rétt, því menn kalla það út eptir á Þingvelli, er veit til sjáfar og að

¹) Búða skipan þessi er kölluð *katastasis*, og mun vera rituð um eða nálægt 1700, þannig sem hún er komin til vorra tíma.

Þíngvallavatni. Búð Marðar gígju er = Rángæinga búð og Marðar Valgarðssonar 1012¹, Gunnars á Hlíðarenda 979², og kemur afstaða Rángæinga búðar vel heim við sama kapitula.

Rángvellínga búð.

3. RÁNGVELLÍNGA BÚÐ er sett eptir búðaröðinni, en hvernig á þeirri búð stendur, eða hvort það er rétt nafn, skal eg láta ósagt, en vera má, að það sé sama og Dalverja búð, og að Valgarður grái, er bjó á Hofi á Rángárvöllum og Úlfur örgoði bróðir hans, hafi átt saman þá búð, því þeir munu hafa átt goðorð saman. Þorlaug móðir þeirra var dóttir Hrafns Hængssonar lögsögumanns, er bjó einnig að Hofi á Rángárvöllum eptir föður sinn, og getur því vel verið, að sú búð hafi upprunalega verið búð Hrafns Hængssonar lögsögumanns, forföður þeirra; en varla munu Rángæingabúðirnar hafa verið tvær. Í þætti Orms Stórolfssonar kap. 4. er Ormur látinn vera í búð Jörundar goða, frænda síns, og bendir það á, að Jörundur goði hafi haft sömu búð og Rángvellíngar.

Ásgríms Elliðagrímssonar búð.

4. ÁSGRÍMS ELLIÐAGRÍMSSONAR BÚÐ er sett eptir búðaröðinni, og er afstaða hennar mjög líkleg eptir Njálu.

Egils Skallagrímssonar búð.

5. EGILS SKALLAGRÍMSSONAR BÚÐ er sett eptir búðaröðinni, og er afstaða hennar mjög líkleg eptir Gunnlaugs sögu ormsstúngu, þegar sagt er frá, að Helga fagra er á gáangi fyrir vestan á, nálægt brúarsporðinum vestri.

Þorskfirðínga búð.

6. ÞORSKFIRÐÍNGA BÚÐ 947—53 er sett eptir Hrafnkels sögu Freysgoða. Þar segir beinlínis, að búð þeirra bræðra Þorskfirðíngagoða var «hóti neðar» en brúarsporðurinn vestri; það er því hërumbil víst, að Þorskfirðínga búð hefir verið á milli Mosfellínga búðar og Rángvellínga búðar, eða hërumbil á sama stað og eg hefi sett hana, eður næsta búð í röðinni þar fyrir vestan, því fyrir vestan Mosfellínga búð gat hún varla hafa verið, þá mundi hún ekki hafa sézt austan yfir á, því búðabyrpingin hefði skyggt á.

¹) Njála, kap. 120.

²) Njála, kap. 33.

7. ALLSHERJAR BÚÐ 1000. Menn hafa mjög litlar líkur Allsherjar búð. fyrir, hvar hún hafi verið, en þó nokkrar. Það er mjög athugavert, að Þorskfirðinga búð er hér komin alveg út úr Vestfirðinga fjórðungi, og inn í miðjan Sunnlendinga fjórðung, sem er óvanalegt án sérlegra orsaka; þó verður þetta skiljanlegt, þegar menn íhuga, að Þjóstarssynir voru einmitt ættaðir af Álptanesi, og Þormóður bróðir þeirra bjó þar (samanber Landnámu), er því líklegt að Þjóstarssynir hafi sett búð sína þar, af því að búð Álptnesinga frænda þeirra mun hafa verið þarhjá, og ef þetta væri rétt, þá er líklegt að Allsherjarbúðin hafi verið mjög nálægt Álptnesinga búðinni, eður sama búðin, hafi Seltjarnarnes og Álptanes verið í sama goðorði, sem líklegt er að hafi verið.

8. BÚÐ REYKDÆLA OG SKORDÆLA set eg eptir Laxdælu Búð Reykdæla og Skordæla. kap. 64—67. Þar er auðsèð, að þeirra búð hefir verið mjög nálægt Vatnsfirðinga búð og líklega fyrir sunnan hana, því sagan sýnir, að Þorgils Hölluson gekk frá búð sinni vestur yfir á, beinlínis í þeim erindum að gjalda þeim sonum Helga Harðbeinssonar föðurbætur, og settist hann á hrunið fyrir ofan búðir þeirra og taldi silfrið; en eptir að Auðgils Þórarinsson Lángdælagóði hafði drepíð Þorgils Hölluson lítur svo út, sem hann hafi ætlað að forða sér til sinnar búðar, en hann varð of naumt fyrir og komst hann ekki nema til Vatnsfirðinga búðar, sem mun hafa verið í leiðinni, eður milli Reykdæla og Skordæla búða, og Lángdæla búðar, sem mun hafa verið rétt fyrir norðan Vatnsfirðinga búð.

9. MOSFELLINGA BÚÐ eður BÚÐ GIZURAR HVÍTA set eg Mosfellinga búð. beinlínis eptir búðaröðinni, og kemur það vel heim við Njálu kap. 33, þegar Gunnar gekk fyrir Mosfellinga búð og mætti Hallgerði, en hann gekk til sinnar búðar eður Rángæinga búðar, er hann hafði það ár 979, en Hallgerður mun hafa verið á leiðinni til sinnar búðar, er var þar rétt fyrir norðan, eptir því sem í búðaröðinni segir.

10. BÚÐ GEIRS GOÐA set eg beinlínis eptir búðaröðinni, Búð Geirs goða.

sem segir, að „næst fyrir austan¹ amtmannsbúð eða Heiðimannsbúð var áður Geirs goða búð“; en nú ríður á að geta sannað, að þær búðir, sem kallaðar voru amtmannsbúð og Heiðimannsbúð árið 1700, sè þær sömu búðir og eg hefi kallað Mosfellínga búð og búð Geirs goða. Búðastæðið ber það sjálft með sér, að allir menn sjá að þessar búðir sè rétt settar, því ef menn vildu setja þær norðar eða sunnar, þá væri ómögulegt að fá röðina á móts við þær upp að gjánni samhljóða búðaröðinni, því fyrir ofan hinar búðirnar sjást engar búðir. Líka yrðu menn í viðlíkum vandræðum með Dalamanna búð; til allrar hamíngju hefi eg nú í November 1861 náð í gamla mynd af Þíngvelli, sem nokkurn veginn sannar, að eg hafi sett rétt búð Gizurar hvíta og Geirs goða, samkvæmt búðaröðinni, og geta menn því varla villzt á því.

Dalamanna búð.

11. DALAMANNA BÚÐ eður búð Höskuldar Dalakollssonar set eg beinlínis eptir búðaröðinni, samt verð eg að geta þess, að sú búð er orðin mjög óljós og er nú orðin að breiðum og laungum þúfnareit, er steinar sjást uppúr hær og þar, er sá þúfnareitur á lengd og breidd sem plázið sýnir, og held eg að það sè víst, að þar hafi staðið búð líkrar stærðar og eg hefi sýnt; afstaða Dalamanna búðar kemur vel heim eptir Njálu kap. 33, en miður er það samkvæmt Njálu kap. 2; þar er Njála ekki vel samkvæm sjálfri sér, eða nokkuð ónákvæm.

Vatnsfirðinga búð.

12. VATNSFIRÐINGA BÚÐ set eg eptir Njálu kap. 146, þar sèst beinlínis, að Vatnsfirðinga búð var nálægt hrauninu eður brekkunni, rétt fyrir vestan brúarsporðinn vestari, því sagan segir, að Hallur af Síðu og Ljótur son hans hörfuðu fyrir atgaungu þeirra feðga Ásgríms og Þórhalls ofan fyrir austan Öxará, og að Ljótur beið við brúarsporðinn eystri, meðan Hallur gekk í búðir að biðja sér liðs, en Flosi og hans menn hörfuðu ofan fyrir vestan Öxará og til Vatnsfirðinga búðar, en í því augnabliki, er þeir voru þángað komnir, gengu þeir

¹) Önnur handrit hafa: norðan.

Hallur og Ljótur austan yfir brúna með flokk sinn allan, og skellði þá öllu liðinu saman í annað sinn, en þar sem þeim skellði saman, þar var Vatnsfirðinga búð, en rétt fyrir neðan Vatnsfirðinga búð féll Ljótur Síðu-Hallsson, en Eyjólfur Bölverksson féll rétt fyrir ofan Vatnsfirðinga búð uppundir brekkunni. Gángur bardagans hefir í því augnabliki myndað geometriskt horn (*rectus*), og þar sem bardagalínurnar skera hver aðra, þar var Vatnsfirðinga búð, samanber Laxdælu kap. 64—67. Þar er auðsèð, að Vatnsfirðinga búð hefir verið nálægt brekkunni. Þar segir, að Þorgils Hölluson settist á hólkníð (eður berghellurnar) fyrir ofan búðirnar, er hann taldi silfrið, og þar var hann veginn, en vegandinn hljóp til Vatnsfirðinga búðar að forða sér, af því að hún mun hafa verið næst og í leiðinni til búða Húnvetninga. Þorgils Hölluson hefir því fallið fyrir ofan og vestan Vatnsfirðinga búð, í neðanverðri brekkunni. Menn geta því hërumbil vitað, hvar allt þetta varð, þó að það kunni að skakka fáum álnum. Þá búð munu Ísfirðinga goðarnir hafa haft í fornöld, einna fyrst Ásgeir Knattarson, Þjóðrekssonar, Slèttubjarnarsonar landnámsmanns og síðan Vermundur mjófi, þá Kjartan Ásgeirsson Knattarsonar um 1060—70 og líklega Vatnsfirðingar á Sturlungaöld. Vermundur mjófi átti Þorbjörgu, dóttur Ólafs þá, og er því eðlilegt að Vatnsfirðinga búð og Dalamanna væru hverjar nálægt annari, þó getur verið, að sú Vatnsfirðinga búð sè eldri.

13. LÁNGDÆLA BÚÐ 1016 er sett eptir Laxdælu kap. Lángdæla búð. 64—67. Af sögunni má draga líkur, að Lángdæla búð hafi verið fyrir norðan Vatnsfirðinga búð, því líkindi eru til, að búð Auðgils Þórarinssonar Lángdæla goða hafi verið svo nálægt Skordæla og Reykdæla búð, að Auðgils hafi sèð frá búð sinni, hvað Þorgils Höllusyni leið, er hann taldi silfrið á hrauninu fyrir ofan búðirnar og hafi hann þessvegna notað tækifærið til að hefna á Þorgilsi harma sinna; mèr þykir því eðlilegra, að setja Lángdæla búð fyrir norðan Vatnsfirðinga

búð, en fyrir sunnan, bæði vegna þess, að það fer bezst eftir fjórðunga skipuninni, og svo einnig gjörir flótti Auðgils Þórarinssonar eftir vígið það mjög líklegt, að Vatnsfirðinga búð hafi verið á milli Lángdæla búðar og Skordæla og Reykdæla búðar, og að Lángdæla búð hafi verið næsta búð fyrir norðan Vatnsfirðinga búð.

Vatnsdæla og
Viðdæla búðir.

14. En þær búðir, sem þar eru hjá, munu vera búðir VATNSDÆLA og VIÐDÆLA, sem samkvæmt Vatnsdælu og Grettis sögu hafa haft stórar búðir á alþingi; Grettissaga segir kap. 16, að Þorkell krafla reið til þings með 60 manna, og fóru þeir allir með honum er í hans goðorði voru, og Grettir fór til þings með honum, einnig fjölmenntu Vatnsdælir mjög til alþingis eftir víg Glæðis, Vatnsdæla kap. 44, bls. 73, og reið Þórdís spákona með þeim og átti ein sèr búð og hennar menn, en líklega hefir það einúngis verið tjaldbúð.

Skagfirðinga búð.

15. SKAGFIRÐINGA BÚÐ set eg þar fyrir norðan, að mestu leyti af handa hófi og eftir Njálu kap. 120; mèr þykir eðlilegra, að setja hana fyrir sunnan Möðruvellínga búð, heldur en fyrir norðan, bæði vegna fjórðunga-skipunarinnar, sem auðsjáanlega hefir verið haft talsvert tillit til í fornöld, og eins eftir því, hvernig þeir Ásgrímur og Njáls synir ganga á búðaröðina, þó lítið verði á því byggt; enda finnst mèr ekki vera eftir of margar búðir þar fyrir norðan, handa Eyfirðingum og þeim úr Þingeyjar þingi, er auðsjáanlega hafa fyrrum haft búðir sínar þar (Reykdæla kap. 25, samanber búðaröðina). Auðvitað er, að Hjaltðælir og afkomendur Höfða-Þórðar hafa haft búðir á Þingvelli fyrir Hjaltðæla og Fljótamanna goðorð, þó sögurnar geti ekki um það, og munu þeir hafa haft búðir sínar þar nálægt, er eg hefi sett Skagfirðinga búð.

Möðruvellínga
búð.

16. MÖÐRUVELLÍNGA BÚÐ 1012 set eg eftir Njálu, kap. 146 og eftir búðaröðinni, einnig eftir almennri sögusögn, er við helzt enn í dag. Afstaða hennar kemur svo vel heim við Njálu, og við gáng alþingis-bardagans, að eg álít það óyggi-

andi, að hún sæ rétt sett. Sú búð er vel skýr í þrennu lagi, en þó er mér grunsamt að vestasta búðin sæ úng mjög.

17. GUÐMUNDAR RÍKA BÚÐ 995—1002 hefi eg sett eptir ^{Búð Guðmundar ríka.} búðaröðinni og útskýring Guðmundar Skagfjörðs yfir hana; þar segir: „Áður var búð hans (Guðmundar ríka) austantil við ána, og austur undan Þorleifshólma, skammt frá því gamla lögbergi, sem millum gjánna var og einstigi að“. Þrjú handrit hafa „norðan ána“, eður „norðan ána eður austan“ eptir einu handriti; eg þori ekki að rengja búðaröðina í þessu, því mér finnst þessi búðarflutningur Guðmundar ríka geta verið mjög sennilegur, og kemst það þannig best heim: Guðmundur hafði fyrst búð sína 995—1002 mjög nálægt Þorkeli Geitissyni, en um 1002, er deilur hófust milli hans og Þorkels Geitissonar og Krossvíkinga, þá hefir hann flúið úr nágrenni þeirra vestur yfir á, og þar hafði hann búð sína 1012. Mér þykir allsennilegt, að Einar Þveræingur bróðir hans og Þórir Helgason hafi síðan haft þá búð, því Ljósvefninga saga sýnir¹, að þeir bræður tjölduðu ekki sömu búð, þó það sæ tekið fram í kap. 16, að þeir gengu ætíð báðir saman til tíða, hvert sem var með þeim mart eða fátt².

18. VIRKISBÚÐ eður BÚÐ SNORRA GOÐA. Hana set eg ^{Virkisbúð.} eptir almennri sögusögn, um búðaröðina, er við hefir haldizt til þessa dags, eptir Njálu kap. 146 og 140 tel eg hana óyggjandi, og kemur afstaða hennar einnig vel heim við Laxdælu kap. 67, því þar lítur svo út, sem fregnin um dráp Þorgils Höllusonar komist þegar til búðar Snorra goða, og Njálá sýnir ljóslega, að Snorrabúð hefir verið annarsvegar í skarðinu, sem vegurinn liggur um upp í Almannagjá, því Snorri goði hafði þar fylkt fyrir liði sínu þvert yfir skarðið milli sinnar búðar og Hlaðbúðar, en hann varnaði þeim Flosa til vígis í Almannagjá; einnig segir sagan, „að þeir Flosi hörfuðu neðan

¹) kap. 17.

²) samanb. kap. 11—12.

milli Virkisbúðar og Hlaðbúðar« og að þeir Ásgrímur gengu einnig neðan að Snorrabúð. Þetta bendir á, að búðin hafi staðið hátt upp á brekkunni. Snorra búð er sú stærsta búð á Þíngvelli, og er hún 14 faðma og $\frac{1}{2}$ á lengd og 6 faðma og 3 fet á breidd, ekki sèst móta fyrir dyrum á henni, og er óvíst, hvar þær hafa verið, en í landnorður-horninu sèst skýrt móta fyrir ferhyrningi, og stètt, sem liggur norðan að ferhyrningnum; má vera, að það sè eptirleifar af dyrastöpli (turni) og uppgangi, sem hefir verið á virkinu; hleðslan, sem nú er sýnileg, mun vera eptirleifar af virkinu, þar innaní hafa seinni alda menn hlaðið tvær eður þrjár búðir, hverja innaní aðra, þá búð tjaldaði síðast Magnús lögmaður Ólafsson, og síðast var búðin höfð fyrir stekk.

Hlaðbúð.

19. HLAÐBÚÐ eður BÚÐ EYJÓLFSS BÖLVERKSSONAR hefi eg sett beint eptir búðaröðinni, því eg þori ekki að breyta því, af því að eg sè ekkert, sem beinlínis sè á móti; þar sem búðaröðin vísar á, að búðin hafi staðið, sèst nú lítið sem ekkert móta fyrir búð, nema ef til vill suður- og vestur-veggnum. Af Njálu kap. 141 sèst ljóslega, að Hlaðbúð hefir verið á því svæði, því Snorri goði setti fylking sína milli sinnar búðar og Hlaðbúðar, þvert yfir um skarðið, því honum var um að gjöra, að verja skarðið suður að berginu, af því það er sá einasti vegur upp í Almannagjá. Hafi Hlaðbúð verið þar sem búðaröðin segir til, og hafi Snorri goði fylkt beint á milli sinnar búðar og Hlaðbúðar, sem búðaröðin vísar á, þá hefði fylking hans orðið 90 álnir danskar eður 30 faðmar, og hefði hann eptir því orðið að hafa haft tvö til þrjú hundruð manns eður 2 til 3 menn á hverja ferhyrningsalin, og þynnri gat fylkingin ekki verið, en hafi hann fylkt beint í suður frá sinni búð, skemmstu leið suður á berginu, þá hefði fylkingin orðið 60 álnir, og þykir mér það sennilegt. Þó eg fari ekki að koma með það sem neina vissu, þá þykir mér sennilegast, að Hlaðbúð hafi staðið á þeirri flötu berghellu, sem er 32 álnir fyrir sunnan Snorrabúð, vestur við gjána, því það hefði verið einkar fagurt

búðarstæði og vígi gott, og alllíklegt þykir mér, að búðin hafi dregið nafn sitt af því sjálfgerða steinhlaði¹, og að Snorri hafi sett fylking sína þar fyrir austan, einsog eg hefi sýnt á uppdrættinum; slætti flöturinn á berghellunni er 20 álnir á lengd og 6 á breidd, samt gat þar vel staðið stærri búð, hafi verið hlaðið ofaná bergið til að taka af ójöfnurnar, sem vel getur hafa verið, þó ekkert sjaist nú votta fyrir því. Ekkert gat eg með vissu sæð fyrir mannvirkjum uppá hellunni, en þar norðan undir sýndist mér móta fyrir hleðslu. Vær sjáum því, að það er mjög efasamt að ákveða með vissu, hvar Hlaðbúð hafi staðið, fyrst lítið sem ekkert sæst móta fyrir mannvirkjum á báðum þessum stöðum, sem þó eru líklegastir; en hafi Hlaðbúð staðið á berghellunni, þá er líklegt, að hún hafi verið lítið hlaðin, og að mestu leyti tjaldbúð, og var þar allt fyrir það vígi gott. Af Njálu kap. 139 er auðsèð, að Hlaðbúð hefir verið nálægt Almannagjá, og allt bendir á, að Hlaðbúð hafi verið nálægt búð Snorra goða, sem niðurlag sama kap. vottar, því þar segir, að Eyjólfur gekk þegar til búðar Snorra, er hann skildi við Flosa. Einnig lítur svo út, sem Eyjólfur hafi haft Hlaðbúð, þótt það sè ekki beinlínis sagt í sögunni. Það er tilgáta mín, að Þórður gellir hafi upprunalega haft þá búð og hans son Eyjólfur grái, og hans afkomendur Þorkell Eyjólfsson, Eyjólfur og Bölverkur faðir hans, en Þorsteinn Kuggason hefir líklega verið í Dalamanna búð með sonum Ólafs þá, því hann átti dóttur Vermundar mjófa og Þorbjargar digru, dóttur Ólafs þá, sem Laxdæla vottar, og Bjarnar saga Hítðalakappa sömuleiðis á bls. 70—71, að þeir frændur Þorsteinn og Þorkell Eyjólfsson áttu ekki búð saman; sama saga bls. 69—73 bendir á, að búðir Rángvellinga og búð Þorsteins Kuggasonar hafi staðið hið næsta; þetta kæmi mjög vel heim,

¹) Flateyjarbók II, bls. 16 er hlað = grjótbálkar undir bryggju-spordum.

hafi Þorsteinn Kuggason verið í Dalamanna búð, og það yrði samkvæmt því, sem búðaröðin hefir.

Gests Oddleifssonar búð.

20. Í Almannagjá fyrir vestan Snorra búð sèst ljóslega votta fyrir stórri fornri búð, er seinni alda menn hafa hlaðið litla búð innaní. Það er tilgáta mín, en engin vissa, að þetta sè BÚÐ GESTS ODDLEIFSSONAR, því Laxdæla vottar bls. 136, að Gestur hafði búð á alþingi, og að Guðrún Ósvífursdóttir var í búð Gests, og þeir Ósvífurssynir og Þórður Íngunnarson. Snorri goði var mikill vin Laugamanna og Gests Oddleifssonar, sem kunnugt er, og er því líklegt, að þeir hafi búið saman á alþingi; þeir voru og báðir spekingar og sögurnar sýna, að þeir fylgdust að í málum.

Vestfirðinga búð og Krossskarð.

21. VESTFIRÐINGA BÚÐ og KROSSSKARÐ. Eftir búðaröðinni lítur svo út, sem Krossskarð hafi verið alþekkt örnefni á Þingvelli um 1700, þó það sè nú gleymt, og mun það hafa fengið nafn sitt af krossum þeim, er þeir Gizur og Hjalti höfðu með sèr til alþingis, og sem höfundur Kristnisögu segir að standi í „skarðinu eystra“, sem mun vera það sama skarð, er búðaröðin kallar Krossskarð; þetta kemur vel heim við Þingvöll, því ekki eru nema tvö skörð í gjábakkann hinn eystra og er hið vestra skarðið hjá Snorra búð, en hitt mitt á milli þess og árgljúfranna; þar er einna bezt að standa á gjábakkanum, og þar mun Þormóður prestur hafa sungið fyrstu messu á alþingi ár 1000; þar er og vígi gott, gjáin að vestan, árgljúfrin að norðan, brekkan að austan, og þeir Snorri goði og Gestur Oddleifsson að sunnan til varnar, sem voru mjög meðmæltir kristniboðinu, því eðlilegast er að álykta, að þeir hafi einmitt þar reist upp krossana, er messan var sungen, til menja um fyrstu messu, er sungen var á alþingi. Eg álit því eðlilegast, að álykta svo, að þetta skarð sè það sama skarð, sem Kristnisaga kallar Skarðið eystra og búðaröðin Krossskarð, og Guðmundur Skagfjörð segir í útskýring sinni, að Krossskarð sè uppundan lögrèttunni (er var 1700).

Enn fremur segir Kristnisaga, að Þormóður „prestur saung

messu á gjábakka upp frá búð Vestfirðinga, en rétt neðan-
undir skarðinu í Almannagjá sæst votta fyrir fornri búð, sem
seinni alda menn hafa hlaðið litla búð innaní. Þetta hygg eg
sè leifar af hinnu fornu Vestfirðinga búð, sem mun hafa fylgt
Dýrfirðinga goðorði, því Vestfirði skilst mèt að formenn kalli
einúngis þá firði, er gánga vestan í landið fyrir vestan Ísafjörð
(Grettissaga kap. 52).

22. BÚÐ ÞORGEIRS LJÓSVETNÍNGAGOÐA er sett beinlínis
eptir búðaröðinni og sögusögn manna. Lögrétta 1700 var
sett ofaní aðra búð fyrir norðan veginn, að sögn manna.
Lögréttan var gjör af timbri, enda sýnir grundvöllurinn ljós-
lega, að þar hefir timburhús staðið, og gamla sýnismyndin
sýnir lögréttuna hërumbil á þessum sama stað, það mun því
vera efalaust, að lögréttan hefir þar staðið 1700 og allt til
1800, og allt frá því hún var flutt sunnan af hólmanum c.
1570, eptir útskýring Guðmundar Skagfjörds og eptir sögn
Bjarna amtmanns Þorsteinssonar. En þar sem lögréttan stóð
1700, var búð Þorgeirs Ljósvetningagoða eptir búðaröðinni,
enda sæst þar útundan grundvellingum skýrt votta fyrir fornri
búð, og fornu búðar-eldhúsi eður hituhúsi þar fyrir sunnan.

Búð Þorgeirs
Ljósvetningagoða.

23. BÚÐ HJALTA SKEGGJASONAR hefi eg beinlínis sett
eptir búðaröðinni, og eg þori ekki að breyta því, enda þótt
mèt þyki ólíklegt, að hann hafi haft búð sína þar, í miðjum
Norðlendinga fjórðungi, og að hann hafi flutt búð sína frá
frændum sínum og venzlamönnum¹. Því hann átti Vilborgu
dóttur Gizurar hvíta, Flateyjarbók 426, og var í sömu búð og
hann árið 1000, Njála. kap. 106.

Búð Hjalta
Skeggjasonar.

24. BÚÐIR Þeirra ÞORGEIRS, sonar ÞÓRIS FLATNEFS og
VÍGA-SKÚTU og ARNÓRS úr Reykjahlíð, 985, hefi eg sett eptir
Reykðælu kap. 25, bls. 305; þar segir, að búðir þeirra hafi

Búðir Þorgeirs
Þórissonar og
Víga-Skútu.

¹) Eg hefi hvergi fundið, að Hjalti hafi verið venzlaður Norðlending-
um; hann var í föðurætt ættaður úr Þjórsárholtum, Landnáma 297,
en í móðurætt úr Hrunamanna hrepp. Landn. bls. 311.

staðið »hið næsta fyrir vestan á«, þó að það sé ekki með öllu víst, að þær hafi staðið þar sem eg hefi sett þær, þá er það þó líklegt, fyrst Ljósvetnínga búð var þar nálægt um 1000, og yrði það þá mjög eðlilegt eptir fjórðungaskipuninni.

Ljósvetnínga búð.

25. LJÓSVETNÍNGA BÚÐ (1008—15), eður BÚÐ ÞORKELS HÁKS, hefi eg sett eptir Njálu kap. 139. Þar er auðsèð, að Ljósvetningabúð er fyrir austan eða norðan Öxará — 1012 — og eins búðir Öxfirðinga og Reykdæla, því það ár hafði Flosi tjaldað Byrgisbúð, sem var norðarlega austur á hrauni; en er hann gekk að biðja sér liðs, gekk hann á röðina fyrst til Öxfirðinga, svo til Reykdæla og síðast til Ljósvetnínga búðar. Síðan segir sagan, að hann gekk »vestur yfir ána og svo til Hlaðbúðar«. Hér lítur svo út, sem Flosi gangi alltaf á röðina, fyrst til þeirra búða, sem næst voru hans búð og síðan til þeirra, sem fjær voru.

Búðir Öxfirðinga,
Reykdæla og
Ljósvetnínga.

26. Sunnarlega á völlumum að vestanverðu, fyrir norðan Öxarárgljúfrin, sèst enn votta fyrir þrem stórum fornþúðum í röð, sem orðnar eru mjög ógreinilegar, samt má rekja stóra steina, er standa upp úr slèttri grundinni í þremur ferhyrningum; sunnan við þá syðstu sèst skýrt gamalt búðareldhús og eins við þá nyrztu, um 1830 var hlaðinn stekkur í syðstu búðina; þó eg væri nokkurnveginn viss um, að þar sáust fornar búðatóptir, þótt þær væru orðnar óglöggar, þá styrktist eg samt fullkomlega í þeirri trú, er eg sá, að þær eru settar á gamla markið hèrumbil í sömu röð og á sama stað; það mun því óyggjandi, að þær hafi staðið þrjár búðir hèrumbil með því sama máli er eg hefi sett, og mun það efalaust vera leifar af þúðum Öxfirðinga, Reykdæla og Ljósvetnínga, og set eg nöfn þeirra, eins og Flosi gekk á röðina, er hann gekk beina leið frá Byrgisbúð: nyrzt Öxfirðingabúð, síðan Reykdælabúð og syðst Ljósvetningabúð. Eptir búðaröðinni sèst, að Ljósvetnínga búð hefir verið fyrir vestan á um 1000. Einnig sèst af Reykdælu, kap. 25, að Reykdæla búð eður búð Víga-Skútu hefir

verið þar um 985 og líklega hefir Öxfirðinga búð á þeim árum verið þar nálægt, líklega fyrir norðan þá búð, er eg kalla búð Víga-Skútu, því þar sèst enn votta fyrir búðarvegg. Það er næsta kynlegt, að Þorkell hákur skyldi flytja úr búð föður síns austur yfir á, enda mun hann varla hafa gjört það án sérlegra orsaka, og kemst það bezt heim þannig: hann hefir flutt búð sína austur yfir á um 1008, er deilur hófust milli Ljósvetninga og Möðruvellínga, og munu Öxfirðingar og Reykdælir þá um sama leyti hafa flutt búðir sínar austur yfir á, því þeim hefir þókt hættulegt að búa í nágrenni við Möðruvellínga.

27. AUSTFIRÐINGA BÚÐ EÐUR BÚÐ ÞORKELS GEITISSONAR Austfirðinga búð.
(1002—3). Í Ljósvetninga sögu kap. 11 segir berlega, að Þorkell Geitisson «átti búð upp við fángabrekku», en ekki er með öllu víst, hvar fángabrekkan hefir verið. Í Vigaglúms-sögu kap. 13 segir, að Norðlendingar og Vestfirðingar glímdu í fángabrekku á alþingi, en ekki sèst þar, hvar fángabrekkan hefir verið. Þó hygg eg, að fángabrekka hafi verið kölluð grundin, sem er milli þess sem lögrèttan var og kastalanna, því þar er slètt að standa, og þar gátu menn staðið á hæðum og horft á; þetta kemur mjög vel heim við Sturlúngu 5. þátt, kap. 30, bls. 158, þar segir: «Úrækja var með flokk sinn upp frá lögrèttu, og hendi skemtan að glímum», en það mun vera víst, að lögrèttan hefir þá 1234 verið á miðri grundinni þar fyrir neðan, sem sami kapítuli bendir á, enda er þessi staður, er eg fyr gat um, mjög vel fallinn til þesskonar skemtana, og nokkuð afskekktur; þó glímustaðurinn á Þingvelli sè kallaður fángabrekka, mega menn enganveginn láta sèr detta í hug, að menn hafi glímt í brekku, en vera má, að menn hafi haldið glímur og leika nálægt brekkum eður hæðum, til þess að áhorfendur ættu betra með að sjá, ef menn gátu komið því við. Einnig segir Sturlunga í sama kapítula, að þeir Kolbeinn úngi, Ormur Svínfellingur og Þórarinn bróðir hans «bjuggust allir til bardaga og fylktu liði sínu á völlum fyrir neðan

lögrettu, milli¹ og Austfirðingabúðar; en það sem hér er kölluð Austfirðingabúð mun eflaust vera sú sama búð, sem áður var Þorkels Geitissonar. Að vestanverðu á völlumun mun fangabrekkan varla hafa getað verið, því þar hygg eg, að fjórðúngsdómarnir hafi opt farið fram, enda mun Austfirðingabúð varla hafa verið þar, því þar hefi eg ekki sæð votta fyrir neinni búð, nema þeim þremur, er eg hefi áður um getið. Eg hygg því, að það sæ óyggjandi, að það sæ hin forna Austfirðingabúð = búð Þorkels Geitissonar, sú mikla búð, er enn sæst votta fyrir á Völlumun austur við hraunið, rétt á móts við, þar sem eg hygg að lögrættan hafi staðið optast á söguöldinni, og rétt fyrir neðan þá grund, er eg held, að hafi heitið fangabrekka; sú búð er í tvennu lagi, að austan og sunnan myndar hraunið rétt horn, og hefir það verið notað fyrir tvo veggi búðarinnar, en búðin hefir verið hlaðin af grjóti að vestan og norðan og munu dyrnar hafa snúið í vestur. Á seinni öldum hefir síki brotið sig í gegnum Vellina, og hefir það brotið vestri endann af Austfirðingabúð, og liggja steinalögin af búðarveggjunum þvert yfir síkið, þar af sæst, að það síki hefir ekki verið þar í fornöld. Af Ölkofrapætti má ráða, að búð Þorkels Geitissonar hafi verið fyrir austan á, Njála bendir og á það sama, kap. 139 og kap. 146; að búð Þorkels Geitissonar hafi verið afskekkt frá öðrum búðum Austfirðinga, er mjög eðlilegt, því hann var lengi í þrætu og illdeilum við Hofsverja.

Sáms búð og búð
Hrafnkels Freys-
goða.

28. SÁMS BÚÐ OG BÚÐ HRAFNKELS FREYSGOÐA. Þær eru mjög óvissar, og hefi eg sett þær af handa hófi eptir Hrafnkels sögu bls. 12. Þar segir: »Sámur tjaldar búð mönnum sínum, hvergi nær því sem Austfirðingar eru vanir að tjalda«, en um Hrafinkel segir: »hann tjaldar búð sína svo sem hann er vanur«. Af sögunni sæst, bls. 13, að Sámur mun hafa haft búð sína í Þingvallatúni austur undan brúnni, líklega nálægt því, er eg hefi sett hans búð á myndina, því líklegt er, að

¹) sic!

þeir hafi gengið skemstu leið frá búð sinni, er þeir gengu niður að ánni til að þvo sèr, og sagan segir, að »þeir gengu út og ofan að Öxará fyrir neðan brúna, þar þvá þeir sèr«. Það mun því óyggjandi, að Sámur hefir haft búð sína þar nálægt, sem eg hefi sett á myndina, þó ekki sè víst að hún hafi beinlínis verið á þeim stað. En nú segir sagan, að Sámur tjaldaði hvergi nær því, sem Austfirðingar eru vanir að tjalda, hafa því allir Austfirðingar, eður þeir úr Kiðjafellsþingi og Sunnudalsþingi, hlotið að hafa búðir sínar spölkorn fyrir norðan Þíngvallatúngarð; mér þykir því líklegast, að Sunnudalsþingmenn hafi haft þann hluta af Þíngvelli til umráða, sem er milli Austfirðingabúðar og síkis þess, sem er fyrir neðan Skötutjörn, og sem tvær brýr hafa verið yfir til forna. Þar fyrir norðan síkið sèst votta fyrir tveim fornum búðum, er eg hygg að hafi verið búðir Hofsverja og Hrafnkels Freysgoða, þótt það verði ekki sagt með vissu. Búð sú, er eg kalla Hofsverjabúð, er nú orðin alveg að þúfnareit og er sléttlendi í kringum hana, samt held eg það sè víst, að það sè leifar af búð, en ekki er hægt að skera úr því með vissu, nema að grafið væri og leitað að undirstöðu. Hrafnkelsbúð, sem eg kalla, er nú að mestu sokkin, samt má vel rekja steinaraðirnar í ferhyrning og hituhúsið sèst enn skýrt.

29. Búðir þeirra úr Kiðjafells þingi, eður búðir NJARÐ-Búð Fljótsdæla. VÍKÍNGA, FLJÓTSDÆLA og BREIÐDÆLA: það hygg eg sè þær búðir, sem enn sjást á vestri barminum á Skötutjörn, og þar fyrir neðan, niður við Öxará á tveim hæðum, og munu þeir hafa haft þann hluta af Þíngvelli til umráða, sem er milli síkisins og túngarðsins, en hèr er ekki hægt að nafngreina með neinum vissum rökum neina sèrstaka búð. Einúngis bendir Njála á það, að Bjarni Broddhelgason hafi haft búð fyrir austan á, því Flosi gengur fyrst til hans búðar og fær hann til umræðu og liðsbónar með sèr, og síðan ganga þeir í búðir fyrir austan á, og síðan vestur yfir á.

30. FLOSA BÚÐ 1011 eður SVÍNFELLÍNGA BÚÐ hefi eg ein-Flosa búð.

gaungu sett eptir búðaröðinni. Í Ljósvetninga sögu kap. 18 er getið um Svinfellínga búð, og mun það vera sú sama búð, er getur um að Flosi hafi haft fyrir austan á í Þingvallatúni, og þá búð mun Flosi hafa haft 1011, því Síðu-Hallur gekk þá í lið með Flosa og var í ráðum með honum, Njála kap. 120.

Síðu-Halls búð.

31. SÍÐU-HALLS BÚÐ hefi eg og beinlínis sett eptir búðaröðinni, og munu þessar búðir vera rétt settar, því líklegt er, að þeir mágár hafi haft sínar búðir hver hjá öðrum, er þeir voru vinir og fylgdust jafnan að í stórmálum (Njála kap. 120). Af Ölkofra þætti sèst, að Þorsteinn Síðu-Hallsson hefir haft búð fyrir austan á, því Broddi Bjarnason var í hans búð, sem og er alllíklegt, því Þorsteinn átti Íngveldi systur Brodda, sem Vopnfirðingasaga vottar. Í Ölkofra þætti segir: „það var aptaninn fyrir þinglausnir, að Broddi gekk vestur yfir á, en við brúarsporðinn hittast þeir Guðmundur ríki og varð eigi af kveðjum“; Þorsteinn hefir líklega verið í búð föður síns.

Biskupa búð.

32. BISKUPA BÚÐ, er ýmist er kölluð Gyrðs búð, Ögmundar búð eður Biskupa búð, hefi eg beinlínis sett eptir búðaröðinni og almennri sögu, er mjög líklegt, að biskuparnir hafi, frá fyrsta, haft búð sína þar, og sem næst kirkjunni, enda benda biskupasögurnar á það sama, bls. 66, 77, 295. Biskupabúðin hefir verið hlaðin ofaní Flosabúð norðanverða, svo nú sèst ekki nema suðurparturinn af henni, einnig hefir hún ef til vill verið hlaðin ofaní suðurhluta Síðu-Halls búðar, eður þeir hafa tekið grjótið úr henni, er þeir hafa byggt Biskupabúð, því suður- og austurhluti Síðu-Halls búðar er orðinn mjög óglöggur, en norðurveggurinn og vesturkampurinn annar er enn vel skýr, og munu dyrnar hafa snúið að Öxará. Biskupabúðin er enn allskýr, nema að norðurendinn er orðinn óglöggur.

Byrgisbúð.

33. BYRGISBÚÐ eður FLOSABÚÐ (1012) hefi eg sett eptir Njálu kap. 137—38 og Sturlúngu 1. þætti, kap. 18: þar segir, að þeir Hafliði Mársson gátu ekki haldið dóminum fyr en „þeir færðu dóminn austur á hraunið hjá Byrgisbúð, þar gæta gjár

þrem megin en virkisgarðr einummegin“, og þar varð Þorgils Oddason sekur. Auðsèð er af sambandinu, að Byrgisbúð hefir verið á þeim stað, sem hefir verið mjög óárennilegur og tryggur fyrir árásum, og þessvegna er skýrt tekið fram, að Hafliði valdi þann stað fyrir dómstað, er hann gat ekki annarstaðar haldið dóminum fyrir ofríki, þessvegna er og tekið fram í Njálu, kap. 137, að „Flosi hafði látið tjalda Byrgisbúð áðr hann reið til þings“, að hann hefir vitað það fyrir fram, að sèr mundi vera þar óhætt fyrir árásum. Eg leitaði nákvæmlega um allan þingstaðinn að þesskonar tryggilegum stað, hvar gjár gæta á þrjá vegu, og er hvergi til á öllum Þingvelli nema sá eini staður, er eg hefi sett á myndina, hvar gjár gæta á þrjá vegu, að nokkur vörn sè í, nema ef það væri austur í Hrafnagjá, en Njála sýnir kap. 138, að Byrgisbúð var ekki þar, heldur nálægt véginum, sem riðinn er á þing; enda fann eg þar nokkurnveginn skýrt votta fyrir virkisgarðinum, sem hefir verið hlaðinn úr grjóti á ská á milli gjánna, sem myndin sýnir; það mun því vera alveg víst, að Byrgisbúð hefir þar staðið. Það kemur líka vel heim við Njálu kap. 138, þar segir, að þeir Flosi gripu til vopna, er þeir Hjalti Skeggjason og Ásgrímur Elliðagrármsson riðu á þingið, og bendir það á, að Byrgisbúð hafi ekki verið langt frá véginum, sem riðinn er ofaná Þingvöll. Klettur sá, er búðin hefir staðið á, hefir þá stærð og lögun, sem myndin sýnir eptir mælikvarðanum, og er hann enganveginn árennilegri en lögberg, því kletturinn er fullt eins hár, og gjárnar heldur breiðari og fullar af vatni, ekki sá eg þar neitt votta fyrir búðinni, enda er kletturinn allur hulinn í ákaflega þykku lagi af grámosa, er menn þyrftu alveg að moka burt, ef menn ætluðu sèr að leita að búðinni, og væri það ákaflega mikið verk. Sú Flosabúð, sem búðaróðin getur um að hafi verið norður lengst vestanfram undir fossinum, hefir líklega aldrei verið til, því ólíklegt er, að Flosi hafi haft búð á þrem stöðum og allrahelzt þar, því til þess vita menn engar orsakir.

Búð Illuga svarta.

34. BÚÐ ILLUGA SVARTA (1006). Hans búð er mjög óviss, og hefi eg sett hana af handa hófi eptir Gunnlaugs sögu ormstúngu, kap. 11. Þar sèst beinlínis, að Illugi svarti hefir átt búð fyrir austan á. Einnig bendir sagan á, að búðin hafi verið í Þingvalla túni, ekki langt frá brúnni, því það lítur svo út, sem þeir bræður Gunnlaugur og Hermundur gangi ofan að Öxará nálægt brúarsporðinum eystri til að þvo sèr, þá sjá þeir Helgu fögru og fleiri konur ganga vestan að ánni, þá lítur svo út, sem þeir gangi vestur yfir brúna til móts við þær, en er þau Gunnlaugur og Helga höfðu talast við um hrið, gengu þeir bræður aptur austur yfir ána; um Helgu er þetta mjög eðlilegt, því hún hefir verið í búð föður síns, fyrir vestan á, sem efalaust hefir tjaldað búð Egils Skallagrímssonar. En apturámóti er nokkuð kynlegt, að Illugi svarti skuli vera kominn svo alveg útúr Sunnlendinga fjórðungi og austur yfir á; samt getur það verið mjög eðlilegt, og mun það hafa orsakast af því, að Illugi hafði um 980 átt í deilum við Kjalleklínga, (Eyrbyggja kap. 17, Gunnlaugssaga ormstúngu kap. 5), sem munu hafa átt búðir fyrir vestan á. Af Laxdælu kap. 67 sèst og, að Þorgils Hölluson, er bjó í Túngu í Hörðadal, átti búð fyrir austan á, og mun það hafa orsakast af því, að hann átti sökott við marga vestanmenn, og eins við Norðlendinga. Eg vil geta þess til, að hann hafi verið í búð Illuga svarta eður hans ættmanna, því Þorsteinn Rauðmelíngagoði í Hafursfjarðarey, systrúngur hans, var mágur Illuga svarta, (Eyrbyggja kap. 56, Heiðarvígásaga kap. 34).

Mýdæla búð.

35. BÚÐ SKAPTÁRTÚNGUMANNA og MÝDÆLA er mjög óviss, samt hefi eg sett hana af handa hófi eptir þætti Þorleifs jarlaskálds, kap. 6, Fornm. s. I, bls. 100. Þar sèst ljóslega, að búð Mýdæla eður Þorleifs jarlaskálds, sem átti heima á Höfðabrekku í Mýdal, hefir verið fyrir austan Öxará, líklega í Þingvalla túni, skamt frá brúarsporðinum eystri, því sagan segir: »Það var einn dag, að Þorleifur gekk frá búð sinni, er hann sá að maður gekk vestan yfir Öxará, sá var mikill vexti og illsligr

í bragði, Þorleifur spyr þenna mann að heiti, hann nefndist Þorgarður, og kastar þegar kaldyrðum á Þorleif. Af þessum orðatiltækjum í sögunni liggur beinast við að álykta, að Mýdæla búð hafi verið skamt fyrir austan brúarsporðinn eystri, því um leið og Þorleifur gengur frá búð sinni, sèr hann Þorgarð koma yfir ána, og kastar Þorgarður þegar kaldyrðum á Þorleif, en Þorgarður mun átt að hafa gengið yfir brúna alfara-veg, þó hann væri meiri vofa en maður. Rètt fyrir austan Flosabúð og fyrir vestan Þíngmanna-kirkjuna, sèst enn votta fyrir fornri búð, er eg hygg að sèu leifar af búð Skaptártúngumanna og Mýdæla, sem munu hafa átt búð saman, því Mýdalurinn og allt austur að Skaptá mun hafa verið eitt goðorð, sem Njála bendir á, kap. 151, og þar mun goðorð Flosa hafa tekið við. Alllíklegt þykir mèr, að Hróar Túngugoði hafi tjaldað þá sömu búð til 978; þetta kæmi mjög vel heim við þátt Þorleifs jarlaskálds og fjórðungaskipunina, því mèr þykir líklegast, að þeir úr Skaptafellspíngi hafi einúngis haft búðir sínar í Þíngvallatúni. Þessi búð er nú orðin samt mjög óglögg, en varla er það efa undirorpið, að eg hafi sèð rètt, er eg setti hana á myndina, því þar hefir til forna búð staðið, og mun hún hafa verið allglögg á 18. öld, því hún er sett á gömlu myndina og einnig Biskupa-búð, en þeir hafa sleppt Síðu-Halls búð.

Búðir Sturlunga.

Jöklamanna búð.

JÖKLAMANNA BÚÐ 1234 er sett eptir Sturlúngu, 5. þætti, kap. 30, bls. 158. Þar segir, að «Þórarinn son Saka-Steingríms hafi gengið úr liði Kolbeins (únga) ok til búðar Jöklamanna, og stóð við vegginn og talaði við mann», síðan segir sagan, að þeir Jón prestur Markússon og Sveinn son hans gengu þar að, þeir voru úr flokki Snorra Sturlusonar og unnu þeir á Þórarni þar við Jöklamanna búð, «síðan sneru þeir upp milli Austfirðinga búðar og Jöklamanna búðar og stefndu svo í flokkinn Snorra», er var á brekkunni fyrir ofan Valhöll og vestur um Dilkinn. Ef að Valhöll er rétt sett á myndina, sem eg hygg að sè, þá mun Austfirðingabúð og vera rétt sett, og Jöklamanna búð hlýtur þá að vera búð sú, er enn sèst votta fyrir á Völlum vestur undan Austfirðinga búð, vestan við síkið, kemur þá alveg heim stefnan á flótta þeirra Jóns Markússonar og Sveins, er sagan segir að þeir sneri upp milli Austfirðinga búðar og búðar Jöklamanna og stefndu á flokkinn Snorra; sami kap. vottar ljóslega, að allar þessar búðir hafa verið uppi á Völlum. Jöklamanna búð er nú orðin nokkuð óglögg, og er hún orðin að grasi vaxinni hæð eður þúfnareit; samt geta menn varla efast um, að þar hafi verið búð, og mætti bezt skera úr því með því, að grafa upp búðina og leita að undirstöðusteinum; samt dugir ekki að grafa í aðrar búðir en þær, sem nokkurn part hafa verið hlaðnar af grjóti, og það er óvist, hvort grjót hefir verið í þessari búð. Ekki er hægt að segja,

hvort Jöklamenn hafa haft búð sína þar á sögu-öldinni, en hafi svo verið, þá munu Rauðmelingar og Hofgarða-goðarnir hafa haft þá búð, og mundi sumum ef til vill þykja eðlilegra að álykta, að Þorgils Hölluson hafi verið í þeirri búð 1016 fyrir austan á, með frændum sínum, því Illugi svarti var þá andaður. — Fylking Kolbeins únga og Orms Svínfellings og Þórarins bróður hans er sett eptir Sturlúngu sama kapítula, og álít eg nauðsynlegt að sýna þær fylkingar á myndinni, er menn nokkurnveginn vita hvar hafa verið, því bæði styrkir það afstöðu búðanna, hvorra frá annari, og í sjálfu sér er það fullt eins merkilegt og búðaskipunin, að vita, hvar fornmenntu fylkingar sínar á Þingvelli við sögulega atburði. Fylkingarnar hefi eg merkt með rúninni Y (maður) og finnst mér það eigi bezt við, því víða í fornum skinnbókum er rúnin Y látin gilda fyrir orðið maður, enda er fylking röð af mönnum.

ALLSHERJARBÚÐ, 1217. 1231. er sett eptir Sturlúngu, 5. Allsherjar búð. þætti, kap. 12. bls. 126. Þar segir, að Snorri Sturluson hafði fylkt¹ á hrauninu meðal Valhallar og Allsherjarbúðar,

¹) Það er auðsèð, að Íslendingar hafa vanalega haft þrissettar lánfylkingar, en varla nokkur tíma þynnri, því menn urðu að ætla fyrir mannfalli, það má sjá af Þverárgrundar-bardaganum, Sturlúngu 9. þætti, kap. 32. Þar segir: hrukku þeir vel við, er fremstir stóðu, en hinir grýttu er síðar gengu, hær er sagt fremstir, en ekki fremri, og bendir það á þrissetta röð, en ekki tvöfalda; voru nær 200 manns í fylking þeirra Þorgils og Sturlu, og höfðu allir markaðar stálhúfur. Í Sturlúngu 7. þætti kap. 42. segir um fylking Þórðar á Haugsnesfundi: „Þórðr var í miðri fylking sinni og þá fremstur“, þess er og hær getið, að Brandr gekk fyrstur í sinni fylking, og bendir það á hið sama.

Um Stiklastaða-orustuna segir í Fornm. s. V. 28. bls.: „hjuggu þeir er fremstir voru, en þeir er þar voru næst lögðu spjótum eða skutu örur, eða köstuðu grjóti eða flettiskeptum“; sama bendir og á lýsing fylkingar Haralds við Standfurðubryggju, Fornm. s. VI. 412 bls.: „Haraldr lét vera fylking lánge en ekki þykkva“, en þeir er yztir standa í fylkingu skyldu setja spjótsodda fyrir brjóst riddurum, en þeir er þar næst stóðu skyldu setja spjót fyrir brjóst hestum þeirra (svínfylking Vígalúms).

með meir en 300 manna. Fyrir austan búð þá, er eg held að sè leifar af Valhöll, er braunkennt sem myndin sýnir, og kemur það vel heim við söguna; 46 álnir þar fyrir austan er lítil grjóthæð, og sèst þar máta fyrir fornri búð, sem mun hafa verið hërumbil 15 álna laung og 10 álna breið, þessi búð þykir mér heldur lítil, og heldur nærri Valhöll, að menn geti álitid, að það sè allsherjarbúð, en á sléttri og fagurri berghellu, 60 álnir þar fyrir austan, sèst og votta fyrir fornri búð, er eg held að hafi verið tvöföld og hërumbil 28 álnir að lengd og 8—10 álna breið. Kemur afstaða þeirrar búðar mjög vel heim við söguna sama kap., og yrði það mátulegt millibil til að fylkja rúmlega 300 manns og hefði þá fylkingin orðið hërumbil jafnþykk og fylking Snorra góða, hafi hann haft nálægt 300 manns, en nokkuð lengri; kemur þetta vel heim við 4. þátt kap. 21, bls. 44, þar segir: »nær þessu var það tíðinda eitt sumar á þingi, að búðir þeirra Snorra Sturlusonar stóðu hit næsta og Allsherjarbúð, er Magnús góði átti son Guðmundar gríss og Solveigar Jónsdóttur Loptssonar, og tjaldaði;» sagan sýnir og, að Sæmundur í Odda hafði það ár þá sömu búð og Magnús góði, frændi hans, og er því alllíklegt, að Sæmundur fróði hafi þar á undan haft þá búð, þó menn geti ekki sagt það með vissu, af því menn vita ekki nær allsherjargoðorðið hefir komizt inn í Oddaverja ætt. Enn fremur segir sagan, er Herburt hafði veitt áverka Magnúsi góða, að menn Snorra Sturlusonar »hlupu allir til vopna ok út í búðarsundið ok fylktu þar«, og hafa þeir líklega fylkt á milli Valhallar og vestri búðarinnar, er eg áður gat um.


Búð Sturlu Sig-
hvatssonar.

BÚÐ STURLU SIGHVATSSONAR 1229 er sett eptir Sturlúngu 5. þætti, kap. 7, bls. 115, þar er auðsèð, að búð Snorra Sturlusonar og Sturlu Sighvatssonar hafa verið lögbergsmegin við ána, eður fyrir landnorðan ána, en búðir þeirra Orms Svínfellings og Þórarins og Þórðar Sturlusonar fyrir vestan á; þar segir, að Sighvatur Sturluson sendi tvo menn til Þórðar bróður síns, »og bað hann riða ei til Hlaðbúðar, og lèti Sturlu

tjalda hana, sagði það ráð, að sínum megin ár væri hvorir »Sturla og Snorri, því þá voru dylgjur miklar með þeim, því Sturla hafði Snorra grunaðan fyrir, að hann hefði verið í ráðum með Vatnsfirðingum, er þeir gerðu atsóknina að honum á Sauðafelli árið 1229; af þessu er auðsèð, að búð Sturlu Sigvatssonar hefir verið lögbergs megin við ána, nálægt búð Snorra Sturlusonar, og líklega þar, sem eg hefi sett hana á myndina, þó maður geti ekki sagt það með vissu. Þetta kemur heim við 5. þátt, kap. 12, að búð Sturlu hafi verið nálægt Valhöll; í 4. þætti, kap. 39 segir Sturlunga, að Sturla tjaldaði Saurbæingabúð árið 1224, en ekki sèst, hvort það hefir verið sama búðin, enda var Sturla árið áður á Grund með Sighvati föður sínum, og er sú búð líklega kend við Saurbæ í Eyjafirði, heldur en sveitina Saurbæ við Gilsfjörð, því Sturla Þórðarson var þá varla búinn að taka mannaforræði.

VALHÖLL Snorra Sturlusonar er sett eptir Sturlúngu 5. Valhöll. þætti kap. 12. Þar sèst, að Valhöll hefir verið á móts við Allsherjarbúð, er Snorri fylkti liði sínu 1231 á hrauninu milli Valhallar og Allsherjarbúðar, en hraun er ekki annarstaðar hjá Valhöll nema þar yfirum Vellina; en af 5. þætti, kap. 30, bls. 158 sèst ljóslega, að Valhöll hefir verið að vestanverðu við Vellina, í neðanverðri brekkunni, því hær segir: »Snorri var með flokk sinn á brekkunni fyrir ofan Valhöll, og allt vestr um Dilkinn. 1234; af 4. þætti kap. 21, sèst ljóslega, að Valhöll og Allsherjarbúð hafa staðið hið næsta 1217; einnig sèst af 5. þætti kap. 7, að búð Snorra hefir ekki verið fyrir vestan á árið 1229. Þegar menn draga allar þessar líkur saman, þá er mjög líklegt, að Valhöll hafi verið þar, sem eg hefi sett hana á myndina. Þessi búð, er eg vil kalla Valhöll, hefir staðið á nokkurri berghæð, vestan til við Vellina, og er það ákaflega fagurt búðarstæði og vígi gott; fyrir norðan hæðina er grund slètt og fögur, en af hæðinni sjá menn yfir alla Völluna og heim að Þingvalla stað, er menn horfa til suðurs, og er það eitt af þeim víðsýnustu og fegurstu búðastæðum á Þingvelli; að

norðanverðu er bergið beint og nokkuð hátt, og hafa fornmenn sprengt í gegnum bergið tvo innganga búðarinnar, sem eru nokkuð brattir upp að gánga og höggir með smástöttum; ofaná bergið að norðan hafa þeir hlaðið grjótvegg, sem er nú að mestu hruninn niður, að austan beygist bergið hërumbil í rétt horn, og hefir verið hlaðið sunnanvið það, og er það nú að mestu hrunið, að vestan hefir búðin nokkuð verið grafin niður til að



1. Valhöll Snorra Sturlusonar.

taka af hallann; í miðri búðinni er grjótveggur, er skiptir henni í tvennt, og eru dyr á veggnum við norðurvegginn til að sameina búðirnar. Vestari búðin er 11 álnir á hvern veg, eystri búðin er 11 álna breið og 12 álnir frá austri til vesturs; á allri búðinni hefir verið talsvert mannvirki; fyrir ofan búðina í brekkunni sýndist mér votta fyrir niðurgrofnum stalli, og er líklegt að þar hafi verið ölbúðin sem var við Valhöll, sem Sturlunga getur um í 5. þætti kap. 12. Það er athuga-vert, að í Atlakviðu 2. vísu¹ er drykkjuhöll Gunnars Gjúkasonar kölluð Valhöll, og hefir Snorri stælt það, enda var ölbúð við Valhöll.

Valhallardilkur.

VALHALLARDILKUR er settur eptir Sturlúngu 5. þætti, kap. 30, bls. 158, og sèst þar beinlínis, að Valhallardilkur hefir

¹) Í 14. vísu er höll Atla konungs Buðlasonar og kölluð Valhöll, er hann drakk í. Valhöll heitir enn fjárhús á Hofstöðum, þar hefir líklega verið drykkjuskáli, sem hefir heyrt til hofinu o. s. frv.

verið í neðanverðri brekkunni fyrir útsunnan Valhöll. Valhallardilk tjaldaði Úrækja Snorrason, sem segir Sturlunga í 4. þætti, kap. 48, bls. 98.

GRÝTA Snorra Sturlusonar 1213—14, er sett eptir 4. þætti Grýta kap. 21, bls. 45. Þar segir: »Snorri lét gjöra búð þá upp frá lögrèttu, er hann kallaði Grýtu,« síðan segir sagan: »bræður hans voru þar báðir (Þórður og Sighvatur) og höfðu mikið lið, allir voru þeir fyrir vestan Öxará.« Hér af sèst, að Grýta hefir verið fyrir vestan á, upp frá lögrèttu. Það eru því mikil líkindi til, að Grýta hafi verið sú búð, sem enn sèst votta fyrir á hólnum, sem er niður við ána, fyrir neðan Snorrabúð, rètt upp undan hólmanum, þar sem enn sèst votta fyrir lögrèttunni, er höfð var á miðöldunum; hefir því lögrèttan hlotið að hafa verið í hólmanum það ár, þótt menn sjái með skýrum rökum, að hún var uppá Völlunum 1234 og líklega lauhgu fyr. Ofaní þessa búð, er eg held að sè leifar af Grýtu Snorra Sturlusonar, hafa seinni alda menn hlaðið tvær búðir. Hóll sá, er búðin stendur á, er að norðan og landnorðan allur ein stórgrýtis urð, og þaraf mun búðin hafa fengið nafnið Grýta, en nafnið Grýla, er sum handrit hafa, held eg sè ritvilla.

BÚÐ ÞÓRÐAR STURLUSONAR (1224—29) er sett eptir Búð Þórðar Sturlusonar. Sturlunga 4. þætti, kap. 39, bls. 82, þar segir: »Þetta sumar kvam Þórðr snimma á þíngið og tjaldaði Hlaðbúð, er fylgdi Snorrunga goðorði,« samanber 5. þátt kap. 7. Af báðum þessum stöðum er auðsèð, að Þórður hefir jafnan tjaldað Hlaðbúð, þótt Sighvatur reyndar ætti búðina og hefði umráð yfir henni, af því að hann átti Snorrunga goðorðið sem Hlaðbúð fylgdi, og þessvegna gat Sighvatur ráðið því, að þeir Þórður og Sturla skiptu búðum 1229, sem áður er sagt. Þórður Sturluson hafði allt Þórnesinga-goðorð, en Snorrunga-goðorð sè eg ekki betur en hafi verið = Dalamanna-goðorð, sem Sturlunga bendir á í 3. þætti, kap. 41, bls. 198, samanbr. 4. þátt, kap. 39, bls. 82.

BÚÐ ORMS SVÍNFELLINGS. Af Sturlunga 5. þætti, kap. Búð Orms Svínfellings. 7, sèst nokkurnveginnn ljóslega, að búð Orms Svínfellings hefir


verið fyrir vestan á, nálægt Hlaðbúð, er Sturla Sighvatsson tjaldaði árið 1229, því Ormur var þá mikill vin Sighvats og Sturlu og veitti þeim í stórmálum, og er því líklegt, að þeir hafi haft búðir sínar nálægt hver öðrum, að minnsta kosti það ár. Af 5. þætti, kap. 30 sést beinlínis, að búð Orms hefir verið fyrir vestan á, uppá brekkunni, því þar segir fyrst, að »Kolbeinn úngi gekk með flokk sinn vopnaðan uppí virki þeirra Orms og Þórarins, og höfðu þeir flokka sína allir samt með vopnum,« það voru 200 manns. Rætt á eftir segir sagan, er Sveinn Jónsson hafði unnið á Þórarni, syni Saka-Steingríms: »þeir Kolbeinn hlupu upp þegar, og heim til búðar og tóku brynjur sínar og panzara, og spjót og skjöldu, ok gengu síðan suður yfir á (þ: austur yfir á) og uppá völlu.« Af 5. þætti, kap. 12 sést beinlínis, að virki hefir verið um búð Orms; þar segir: »gekk Sighvatur þá til Orms og bjuggust þeir bræður Þórarinn þá við í búðarvirki Orms« með 160 menn, samanber 5. þátt, kap. 30. Þegar menn draga allar þessar líkur saman, sjá menn ljóslega, að búð Orms hefir verið fyrir vestan á, hátt uppi, og einnig, að mikið virki hefir verið um búðina, er 160—200 manns gátu verið í virkinu með vopnum; það mun því einúngis vera um tvennt að gjöra, að búð Orms Svínfellingss hafi annaðhvort verið sama sem búð Snorra goða, er öðru nafni mun hafa heitið Virkisbúð, eður að hleðslan þar fyrir norðan á gjábakkanum, sem búðaröðin kallar »fjórðungsdómaþingstað«, er leifar af búðarvirki Orms, því það þykir mér mjög efasamt, að fjórðungsdóma-staður hafi verið þar lögakveðinn eða nokkurstaðar annarstaðar, því það finnst mér einmitt þvert ámóti Grágás; samt þó er ekki alveg að hrinda búðaröðinni úr vitni, hvorki í þessu né öðru, en hvergi á gjábakkanum eystri sést móta fyrir mannvirkjum, nema á þessum tveim stöðum. Þessi hleðsla á gjábakkanum, er eg áður gat um, er nú orðin að grasivaxinni breiðu eða upphækkun, en þó er auðsèð, að það hefir verið talsvert mannvirki til forna og líklega hátt og ramgjört, er svo miklar leifar sjást enn af því; þar uppá há-gjábakkanum; sumir kunna að álíta þetta leifar af Grýtu.

Hvar búð Sighvats Sturlusonar eður annara Sturlunga hafi verið, hefi eg ekki getað ráðið af Sturlúngu, samt mun Kolbeinn úngi hafa haft búð sína nálægt búð Orms Svínfellings, fyrir vestan á. —

Nú hefi eg sagt allt það helzta, er eg veit um afstöðu fornra búða á Þingvelli, en til þess að geta nokkurnveginn áttað sig á Þingvelli í fornöld og öllu skipulagi þar, þá er enganveginn nóg að þekkja afstöðu búða-tóptanna, eins og þær eru nú, og vita hver hefir átt þær, heldur verða menn að geta gjört sér nokkurnveginn skýra hugmynd um, hvað margar tegundir af búðum þeir hafi haft, og hvernig þær hafa litið út, þegar þingið var í blóma, og allir þessir fyrgreindu höfðingjar tjölduðu þar.

Um lag á búðum. Menn sjá ljóslega af sögunum, að búðum fornmannanna má skipta í þrjár tegundir, sem eru: tjaldbúðir, sem myndin 2. sýnir, hlaðnar búðir sem tjaldað var yfir, sem myndin 3. sýnir, og virkisbúðir, sem myndin 4. sýnir. Allar þessar búðategundir hafa verið hafðar á Þingvelli.

TJALDBÚÐIR. Af þeim lýsingum sem menn hafa af tjöldum fornmannanna, þá get eg ekki betur sæð, en að það hafi verið almenn venja, að hafa þau með 4 súlum, eður staungum, en ofaná súlunum hafa ýmist verið vargahöfuð eða dreka-trjónur, eða knappar, er stóðu upp af tjöldunum í öllum hornunum, en í miðjunni mun optast hafa verið há súla með knapp ofaná, eður veðurvita upp af, eður merki, samanber þátt af Helga Þórissyni í Flateyjarbók bls. 359; sagan af Sálus og Nikanor, bls. 48, Blómsturvalla saga kap. 13, bls. 20, þáttur Eymundar og Ólafs konúnga kap. 5, bls. 287, Fornmannasögur V. bindi, samanber Sturlúng. 3. þátt, kap. 16, bls. 147 og 148. Þar er getið um tjaldstrjónur, eða trönur á landtjaldi, og bendir sá staður á sama skipulag; í 6. þætti, kap. 24, bls. 233 er getið um tjaldsperru; af þessum líkum og fleiri álit eg, að skrauttjöld fornmannanna hafi optast verið með því lagi, sem myndin 2. sýnir, samt hafa tvær súlur gengið upp af sumum




2. Tjaldbúð.

tjöldum, svo að þakið hefir þá ekki myndað pyramide, heldur verið eins og vanalegt ris á húsi, þannig eru mynduð tjöldin á gömlu myndinni, sem er frá 18. öld, einnig hafa fornmennt haft krínglótt hrauk tjöld, því sögurnar geta um þau, Bárðarsaga Snæfellsáss 17. kap., bls. 36, og þau eru mynduð á fornu myndinni.

HLAÐNAR BÚÐIR. Önnur tegund af alþingisbúðum voru þær, sem veggir voru hlaðnir að, en tjaldað yfir, þær hafa hlotið að hafa verið með sperrum og mæniás, er þeir munu optast hafa látið standa á veturna, eður látið geyma viðuna á Þíngvelli; einnig hafa hlotið að hafa verið klofar, aurstokkar eður annar umbúningur á veggjunum, er þeir hafa getað fest tjaldskarirnar í¹⁾; einnig er auðsèð á sögunum, að þeir hafa haft reglulegar hurðir fyrir búðunum til varnar, því sögurnar geta um, að klappað var á dyr á alþingisbúðum, sem sýnir, að menn hafa ekki getað gengið rakleiðis inn í þær. Mèr þykir því eðlilegast að álykta, að búðirnar hafi hèrumbil haft það lag

¹⁾ líkt og getið er um í Örvar-Odds sögu, kap. 29.


sem myndin 3 sýnir, samt verður að geta þess, að sumar þesskonar búðir hafa haft gaflhlað, sem Reykdæla vottar kap. 15, en ekki sèst með neinni vissu votta fyrir gaflhlöðum á búðum á Þíngvelli, því þótt gaflarnir á sumum búðunum sè hæstir, sannar það ekkert, því stýztu veggirnir falla ætíð seinast. Að menn hafi með þessu móti haft tilbúna viðu eða sperrur, til að halda upp tjöldunum, er tjaldað var yfir búðirnar, vottar Ljósvetninga saga kap. 26 bls. 92.



3. Hlaðbúð.

Að mikið og vandað trèverk hafi verið á alþíngis-búðunum, sèst af Grágás (A. M.) I, bls. 149, þar segir: „smiðar þeir, er hus göra or auströnom vípi, eða bruar um ar þær eða vötn, er netnæmir físcar ganga í, eða göra þupir á alþingi, þeir eigo cost at taca dagacaup um engi-verc.“ Þetta bendir á, að stórviðir hafi verið í búðunum, og að helztu smiðir landsins hafi smíðað alþíngisbúðirnar, og að þær hafi verið vandaðar að öllu trèverki, aldrei hygg eg samt, að annað þak hafi verið yfir búðunum, en línþak eða vaðmálþak, því það var bæði hjartast og hollast fyrir þá, því annars hefði sá mikli mannfjöldi, er var í hverri búð, gert óþolandi hita; goðarnir og þeirra þíngmenn lögðu allir til eina breidd af lèrepti eða vaðmáli til að tjalda yfir búðirnar þverar, sem Grágás vottar I, bls. 24 (A. M.), þar segir: „Þíngheyiendr scola koma enn 5. dag viku til þíngs oc fara til búþar með þeim goða, er þeir eru í þíngi með, oc

scal hverr þeirra hafa tjald um þvera buþ. Það er ætlan mín, að höfðingjar hafi tjaldað yfir búðir sínar með hvítu lèrepti, enda geta sögurnar um lèrepts tjöld og það í sjóferðum, sem Flóamannasaga vottar kap. 24, bls. 147, þar er getið er um lèreptstjald Þóreyjar, húsfreyju Þorgils orrabeinsfóstra. Það hefði verið þvert á móti hugsunarhætti fornmanna, ef menn vildu álíta, að þeir hefðu miður vandað búðir sínar á alþingi, á þeim stað, sem allir gerðu sér far um að sýna skraut sitt og kurteisi bæði í vopnum og klæðum. Innan hafa búðirnar verið skrautlega tjaldaðar, og það voru þær fram á síðustu tíma; einnig sèst á sögunum, að bekkir og háseti höfðingja voru í búðum þeirra, og borð munu þeir efalaust hafa haft, þó eg hafi ekki sèð þeirra getið í sögunum. Að utan munu þeir hafa skreytt búðirnar með veðurvitum, flaugum og merkjum, og allskonar dýra og varga höfðum og spordum, sem þá var títt að hafa á öllu. Sögurnar sýna ljóslega, að margir Íslendingar áttu merki, einnig er getið um, að þeir létu bera fyrir sér merki á þingum.




4. Virkisbúð.

VIRKISBÚÐIR voru að því frábrugðnar öðrum búðum, að virkisgarður var utanum þær til varnar. Vígvirki eður virkisgarðar voru að því leyti öðruvísi en aðrir garðar, að þeir voru ramm-

gjörvari og optast hlaðnir af torfi og grjóti, eður eingaungu af grjóti, en að ofanverðu höfðu þeir vígskörð, eður vígfleka, sem ætíð mun hafa verið gert af trè, og hèrumbil með sama lagi og myndin sýnir; með því lagi eru jafnan myndaðir stöplar og kastalar í norrænum og íslenskum skinnbókum, og eru nokkrar þesskonar myndir enn til, er eg hefi haft hliðsjón af. Sögurnar sýna, að í fornöld höfðu Íslendingar mjög víða þesskonar virki og kastala, allt fram á seinni aldir.


GRUNDVÖLLUR BÚÐANNA. Þegar menn athuga grundvöll búðanna, eður Plan, þá sjá menn, að þær hafa haft þrennskonar lag, sumar með tveim dyrum á hliðveggnum, sem myndin af Valhöll sýnir, aðrar, sem gengið er í endann á, sem myndin af búð Guðmundar ríka sýnir; þriðja lagið er, þegar einar dyr eru á miðjum hliðvegg, sjá biskupa-sögur bls. 509, þar er lýst þessháttar búð, og eru kallaðir armar á búðinni það sem var báðum megin við dyrnar, líkt og armar á fylking. — Pallurinn var jafnan í alþingisbúðunum rétt á móti dyrunum, en hásætið á miðjum palli, líkt og varð siður að hafa í höllum og skálum eptir daga Ólafs kyrra. Allt í kring í alþingisbúðunum hafa verið bekkir; á nóttunni lágu menn í húðfötum sínum á gólfinu og lögðu þau hagkvæmlega í röð allt í kring með bekkjunum (sjá myndina 5), Hrafnkelssaga



5. Grunnmynd búðar.

bls. 14—15, en á daginn hafa þeir rýmt þeim burtu eður hlaðið þeim saman. Líklegt er, að menn hafi legið í bekkjunum, er þar komust fyrir, Fornmannasögur IV, kap. 139, bls. 345—46.

UM HÚÐFÖT. Húðfötin voru leðurhvílur, með trèbotnum í báðum endum, er hétu fóttafjöl og höfðafjöl, Hrafnkels-saga bls. 14—15; Biskupasögur bls. 509. Húðfötin hafa hlotið að hafa verið opin við höfðafjölinna, að menn gætu komizt ofan í þau, en Hrafnkelssaga sama kap. sýnir, að þau voru og opin við fóttafjölinna, og hefir yfirleðrið á þeim verið laust og mátt spenna það eður binda það yfir þau, Biskupasögur bls. 509, líkt og eg hefi sýnt á myndinni. Á ferðalögum höfðu



6. Húðfat.

menn húðfötin fyrir töskur eða ílát, hvort sem menn voru á sjó eða landi, Fornm. s. VI, bls. 108, Sturlunga 10. pátt bls. 304, Gulapíngslög. Húðfötin hafa opt verið stór, því opt lágu tveir menn í einu húðfati, Fornm. s. IX, bls. 321. Af Sturlúngu 9. þætti kap. 3, bls. 187 sèst stærð á húðfati hèrumbil. Þar er húðfat sett í skáladyr til varnar á Flugumýri og sýnir það, að húðfötin hafa verið hèrumbil 3 álna laung, og frá $1\frac{1}{4}$ til 2 álna breið. Húðfötin höfðu menn opt í skálum fyrir rúm, Sturlunga 8. pátt, bls. 148; 9. pátt., bls. 187. Bragða Mág-usar saga, bls. 166. Húðföt höfðingja munu hafa verið búin og skreytt, sem Finnboga saga hins ramma bendir á, bls. 14 og 27. Í húðfötum á þíngi höfðu menn rúmföt og afklæddust, sem heima í héraði. Flateyjarbók I, bls. 386.

Um lögrættuna.

LÖGRÆTTAN. Margir halda, að lögrættan hafi ætíð verið á lögbergi á söguöldinni, og hafa menn þó lítil eða engin rök fyrir því, heldur þvert á móti. Samt getur verið, að lögrættan og dómarnir hafi verið þar allra fyrst, er alþing var sett, og þángaðtil að fjórðungsdómar voru settir, eður frá 929 til 965, en eptir þann tíma mun lögrættan optast eða ætíð hafa verið á Völlum. Af Bandamanna sögu bls. 36—39 sèst ljóslega, að lögrættan hefir verið þar 1050 til 60, og eins sèst af Ölkofra-þætti, að lögrættan hefir verið þar um 1017—24. Af Njálu kap. 122—123 og 146 kap. má helzt ráða, að lögrættan hafi verið þar 1011 og 1012, og má helzt ráða það af gáangi alþingisbardagans, því það lítur svo út, sem fimtardómurinn sè settur upp á Völlum, en fimtardómurinn átti ætíð að vera í lögrættu, samanber Njálu og Grágás; af Sturlúngu 5. þætti kap. 30 sèst ljóslega, að lögrættan hefir verið þar 1234. Það mun því vera víst, að lögrættan hafi verið á miðjum Völlum á þeirri litlu hæð, sem þar er, samt sèst þar lítið eða ekkert móta fyrir mannavirkjum, því vegurinn liggur nú þar yfir, og er það allt orðið troðið í sundur af hestafótum. Það er al-kunnugt, að lögrættan var í Öxarárhólma á miðöldunum, og þar mun hún hafa verið árið 1213—14; einnig má ráða af Grágás, að lögrættan hafi opt verið þar seinast, þegar Grágás gildi sem lögbók, þingskapa þátt bls. 17—18. Um 1570 var lögrættan flutt vestur yfir á, en fyrst sett undir vaðmálspak 1690 til 1691. Síðan var lögrættan byggð af timbri, og af timbri var lögrættan þegar alþing var tekið af 1800.

Umhverfis lögrættuna voru 3 pallar, er dómendurnir eða lögrættumennirnir sátu á; þeir áttu að vera svo rúmgóðir, að rúmlega fernar tylftir manna gætu þar setið á, Njála kap. 93, Grágás lögrættuþátt. (A. M. I, 4). Ef að menn gjöra 17—18 þumlunga danska fyrir hvern mann, þá yrði sú lögrættu mátulega stór, sem væri 15—16 álnir þvert yfir, eður að

þvermáli. Þessi stærð lögrættunnar kemur mjög vel heim við leifarnar af lögrættunni, sem sæst í hólmanum, sem er krínglótt og 15 álnir þvert yfir. Það sem nú sæst votta fyrir, er efalaust leifar af hleðslu þeirri eður upphækkun, sem hefir verið hlaðin undir bekkina, líkt og á lögbergi, en í hólmanum sæst ekkert votta fyrir dómhríng, sem varla mun heldur hafa verið, nema smásteinar lagðir í hring, líkt og menn höfðu við dóma sem Sturlunga getur um, og við haslaða hólmgangustaði, sem Egils-saga getur um; samt getur Grágás um dómhríng við fimtardóm, þingskapa þátt kap. 22 (A. M. I, 78), en fimtardómurinn var ætíð settur í lögrættu; þar af sæst, að þesskonar dómhríngur muni hafa verið um lögrættuna, en hefði verið um lögrættuna vanalegur dómhríngur, hlaðinn af torfi og grjóti, mundi hann efalaust eins sjást á Þingvelli enn í dag, einsog á flestum héraðs-þingstöðum, en þess sjást engin merki hvorki í hólmanum, nè á Völlum, og er þó víst að lögrættan var þar. Varla munu vèbönd hafa verið höfð um lögrættuna, því þau finnast ekki mæran vitanlega nefnd í íslenskum lögum fyr en Jónsbók og Norskulögin eru innleidd, þá fara Íslendingar að hafa vèbönd eptir Norðmönnum. Þessi krínglóttu upphækkun í hólmanum mun því efalaust vera leifar af upphækkun, sem hefir verið hlaðin undir bekkina og sýnir það, að bekkirnir muni hafa verið krínglóttir og hërumbil af þeirri fyrgreindu vídd; það er því ætlan mín, að bæði lögrættan í hólmanum og á Völlum hafi í fornöld litið út eins og forna myndin. Hleðslan litla, sem sæst innaní lögrættustæðinu í hólmanum, mun enganvegin hafa heyrt til lögrættunni, enda er hún of lítil til þess, því hún er að eins 6 álnir á hvern veg; eg vil geta þess til, að það sè tjaldstæði seinni alda manna, því gamla myndin sýnir, að fógetatjaldið hefir staðið hërumbil á sama stað á 18. öld, og mun þetta vera leifar af því.

Af þætti Þorleifs jarlaskálds, Fornm. s. III, bls. 101—103, sæst nokkurnvegin með vissu, að lögrættan hefir fyrir 1000 verið uppá Völlum, en ekki í hólmanum, eða á lögbergi.

Þar segir fyrst, er Þorleifur var heygður á Þingvelli: »haugur hans stendur norður af lögrættu og sæst hann enn,« (samanb. Flateyjarbók); síðan segir um Hallbjörn hala, er var sauðamaður hjá Þorkeli bónda á Þingvelli »hann vandist optlega til að koma á haug Þorleifs, og svaf þar um nætur, og hœlt þar nálægt fê sínu« (samanber Flateyjarbók); af þessu þykir mér allsennilegt, að haugur Þorleifs hafi staðið efst á Völlumunum syðri, eður fyrir sunnan Valhöll, því enn í dag halda menn þar fê á nyrðri vellinum, og þar er hafður stekkurinn rétt uppundan í Almanagjá enn í dag, og þar hefir hann verið svo lengi menn hafa sögur af. Það munu allir finna, að það er mjög ólíklegt að Hallbjörn hafi haldið fê sínu syðst á Völlumunum, innanum búðir Norðlendínga og hêrumbil 270 faðma frá Þingvalla stað, svo nærri bænum og þingstaðnum gat mönnum varla dottið í hug að sitja yfir fê, og það getur varla nokkrum dottið í hug, som þekkir Þingvöll, enda getur maður helzt ráðið af orðum sögunnar, að Hallbjörn hafi setið yfir fênu talsvert langt frá bænum, því eptir að Þorleifur hafði vitrazt honum í svefni og hann vaknaði, segir, að hann »fór síðan til bygða heim með fê sitt eptir tíma og sagði þenna atburð (samanb. Flateyjarbók); af þessu vil eg draga þá ályktun, að lögrættan hafi fyrir 1000 verið hêrumbil á miðjum Vellinum syðri, hêrumbil þar, sem eg hefi sett hana á myndinni, en haugur Þorleifs þar fyrir norðan nálægt Valhöll, eða Kastölunum, sem nú eru kallaðir, en enganvegin nær Þingvelli. Það bíður varla svörum, að haugur Þorleifs hafi staðið í þeim nyrðsta Öxarárhólma, sem hefir verið almenn sögusögn seinni alda manna, og sem þeir hafa skýrt Þorleifshólma,¹ því varla gat það átt sêr stað, að maður, sem hefði setið yfir fê, hefði valið sêr þar sæti, svo nærri bænum og á svo óhentugum stað. Eg ætla því, að örnefnið Þorleifshólmi sê

¹) ferðabók Eggerts Ólafssonar.

smíðar seinni aldar manna, eptir að lögrèttan var flutt í hólmann og þeir höfðu gleymt hvar hin forna lögrètta stóð. Þeir hafa líklega hængið í orðum sögunnar, er segir: „haugr hans stendr norður af lögrèttu“, og hafa þeir líklega haldið, að lögrèttan hafi ætíð staðið þar, má og vera að þeir hafi séð þar einhvern haug þeirra manna, sem fallið hafa í einvígi á meðan hólmgangurnar voru háðar í Öxarárhólmi, menn geta að raun varla efast um, að þar hafi verið einhver fornhaugur, sem Eggert Ólafsson getur um í sinni ferðabók. En allt finnst mér vera á móti því, að þar hafi verið haugur Þorleifs. Að haugur Þorleifs hafi verið í Þorleifshólma, en lögrèttan á lögbergi, yrði ennþá vitlausara, því þá yrði haugurinn nær því rétt vestur af lögrèttu en ekki norður af, en ef menn vildu álíta, að haugurinn Þorleifs hafi staðið á hrauninu norður af lögbergi, eða verið hæðin vestan við Brennugjár-kjaptinn, sem sumir segja, þá hefði Hallbjörn allt fyrir það haldið fé sínu ótrúlega nærri Þingvalla bæ, og munu menn varla geta gjört það sennilegt, en vitlausast verður, ef menn álíta, að haugur Þorleifs hafi staðið í litla hólmanum, sem er fyrir framan Brennugjár-kjaptinn, sem sumir kalla Þorleifshólma, því þá yrði haugurinn austur af lögrèttunni í hólmanum, en nær því vestur af lögbergi, en suður af Völlunum, er eg álít að lögrèttan hafi staðið í fornöld.

Af Njálu kap. 141 sèst ljóslega, að lögrèttan hefir ekki verið nálægt lögbergi, heldur Völlunum, því Flosi sá ekki og gat ekki séð frá Fimtardóminum (sem ætíð var settur í lögrèttu), að Snorri goði hafði fylkt liði sínu yfirum skarðið vestra, þar sem vegurinn liggur upp í Almannagjá, sem hann gerði til að varna Flosa til vígis í Almannagjá.

Hefði lögrèttan eða Fimtardómurinn verið settur á lögbergi eða þar í grend við, þá gat Flosi hæglega séð frá lögrèttunni, að Snorri hafði fylkt þar fyrir liði sínu, honum til ógreiða, því skarðið blasir beint við frá lögbergi og alstaðar af þingstaðnum fyrir austan ána, þángað til kemur upp á Völlu. Þaðan

sèst ekki í skarðið, nema af landsuður-horni Vallanna, því hæðin, sem er fyrir landnorðan skarðið, skyggir á; þetta kemur vel heim við kap. 146, að Snorri frètti, hvað málinu leið en sá það ekki, því þaðan sèst ekki á Völluna, sem búð hans er, en lögberg blasir þar við. Að dómurinn hafi verið settur fyrir austan ána á Völlunum í lögrèttu geta menn ekki efast um, sem sami kap. vottar bls. 246, enda sèst af sömu bls., að Flosi vissi ekki, að Snorri hafði fylkt þar fyrir liði sínu, fyr en hann er kominn rètt að Snorrabúð, því þeir hafa farið yfir ána af Völlunum rètt hjá gljúfrunum, en á þeirri leið sèst ekki í skarðið, því hin fyrgreinda hæð skyggir á, en hefði þeir farið aðra leið, þá hefði þeir sèð fylking Snorra, því skarðið blasir við alstaðar annarstaðar frá; þetta finnst mèr meðal annars nægileg sönnun fyrir, að lögrèttan hafi verið á Völlunum, eða fyrir norðan Brennugjá, en ekki nálægt lögbergi. — Í kap. 145 er Lögberg og Fjórðungsdómstaðirnir og Lögrèttan allt sitt á hverjum stað, nema því að eins, að fjórðungsdómurinn hafi þá verið settur í lögrèttu einsog 1011; þaraf heitir staðurinn Þíngvöllur, að flest fór fram á Völlunum.

Til hvers var lögrèttan höfð? Hún var, einsog allir lög-ákveðnir staðir á Þíngvelli, einúngis ætluð til vissra hluta, sem nauðsynlegt var með þann stað einsog alla aðra, til þess að menn ekki gleptu hver fyrir öðrum. Lögrèttu-þáttur segir svo: „Þar scolo menn retta lög sín, oc göra nymæli ef vilia, þar scal beipa mönnom sycno leyfa allra (smbr. A. M. I, 99) oc satta leyfa þeirra allra, er einca lofs scal at beipa, oc margra lofa annara“, etc. (A. M. I, 6). Hèr voru öll lög samþykkt, og síðan sögð upp að lögbergi, hèr völdu menn lögsögumann (A. M. I, 2), hèr var ætíð fimtardómurinn settur, þíngsk. þ., 24. kap. (A. M. I, 72); hèr beiddu menn leyfis að mega flytja þíngstaði þíngsk. þ., 39. kap. (A. M. I, 116); hèr var skorið úr arfaþrætum arfab., 21. kap. (A. M. I, 227); hèr guldu hjón fæ fyrir, ef þau bjuggu saman of náíð að frændsemi (308); hèr

var og goldin hin meiri tíund fyrir sífjaspell, eða ef fimm-menníngar bjuggu saman, festap., 3. kap. (A. M. I, 308). Hér var og goldið lögrèttufé fyrir meinamál fyrra drottinsdag í þíngi festap. 3. kap. (A. M. I, 319—20). Hér var og beiðzt leyfis, ef menn vildu fækka hreppum, festap., 39. kap. (A. M. I, 443). Allt þetta er tekið fram í Grágás.

Fjórðúingsdómar.

Eptir lögnum var fjórðúingsdómunum ekki markaður staður, enda benda söguviðburðirnir á það hið sama; í þingskapabætti 5. kap. (A. M. I, 27), segir, að »Lögsögumapr scal rapa oc at qvepa, hvar hvergi (o: hver einn) dómr scal sitja«; þetta sýnir fljótt, að dómstaðirnir hafa verið mjög óákvarðaðir, einsog hvar búarnir sátu, og varð þessvegna að lýsa því að lögbergi eður í lögrættu í hvert skipti. Af Bandamanna sögu bls. 17 sèst beinlínis, að Norðlendingadómur var upp á Völlunum um 1050—60, samanber bls. 33, einnig má ráða af sögunni, að allir fjórðúingsdómarnir hafi þá verið þar, og sama má að nokkru leyti ráða af Njálu, að þar hafi dómarnir farið fram 1011—1012; sama má og ráða af Sturlúngu 1. þætti kap. 18, að Breiðfirðingadómur hafi verið settur þar 1120, og þar munu dómarnir optast hafa farið fram, líklega á þeirri grasivöxnu hæð, sem er að vestanverðu á Völlunum; samt voru dómarnir við sèrskild tækifæri settir víða annarstaðar, til dæmis á Öxarárbrú 999, samkvæmt Kristni sögu, og á Lögbergi 947—53, samkvæmt Hrafnkelssögu.

Tilhögun á dómstöðum var þannig, samkvæmt lögnum: menn voru fyrst skyldir til að merkja dómstað, áður en dómendur settust niður, Grágás I, 318, sem mun einúngis hafa verið í því innifalið, að leggja marksteina í hring utanum dómstaðinn, er enginn mátti ganga inn fyrir, nema dómendurnir; þeir steinar hétu dómsteinar, Sturlunga 1. þátt. kap. 18, en ef dómendum þótti menn ganga of mjög að dómi, þá settu þeir dómvörzlumenn kríngum dóminn, og skyldu þeir rista reiti tvo eður skurði í

völlinn, fyrir utan það er dómendur sátu, en yfir þá reiti mátti enginn gánga, því það varðaði fjörbaugsgarð, sem önnur þingsafglöpun, Grágás þingskapapátt. kap. 22, (A. M. I, 65); af þessu má ráða, að menn hafi ekki ætíð rist þessa reiti kríngum dómstaði, heldur munu menn opt hafa látið sér nægja að hafa einúngis dómsteina, allra helzt ef menn ekki bjuggust við þraung að dómum.

Markaðir hólmgangustaðir voru mjög líkir dómstöðunum að fyrirkomulagi, og voru utanum þá ýmist lagðir steinar í hring, eður það voru heslistengur fjórar utanum þá, með snærum ámilli, Egilssaga, bls. 67; Kórmakssaga kap. 10. Þar fyrir innan voru þrír reitir fetsbreiðir, ristir í völlinn, og þar fyrir innan var lagður feldur, sem var 5 álnir í skaut og lykkjur á hornunum, skyldi þar setja niður hæla í hvert horn, er hétu tjösnur; Kórmakssaga lýsir svo vel tilhögun og máli á mörkuðum hólmgangustað, að það er efalaust, að það hefir hërumbil litið út einsog sagan segir. Hólmgangurnar fóru ætíð fram í Öxarárhólmi, en ekki vita menn, hvar það hefir verið í hólmanum, en ekki er ólíklegt að þær hafi farið fram í Þorleifshólma, því þar er nokkurnveginn víst, að menn hafa heygðir verið með vopnum. (Ljósvefninga saga kap. 16. Njála kap. 24. Gunnlaugs saga ormstúngu kap. 11).

Lögbergisskipan.

Á Lögbergi sèst enn skýrt votta fyrir dómhring krínglóttum og ferhyrndri upphækkun þar innaní, sem eg hygg að hafi verið upphækkun, er hefir verið hlæðin undir bekkina; af Grágás, lögsögumanns þætti bls. 2 og lögrèttuþætti bls. 11 má ráða, að þótt lögrèttan væri þá auðsjáanlega ekki á Lögbergi, hafi allt fyrir það verið á Lögbergi líkt skipulag og lögrèttan var, þar var lögsögumannsrúm eður sæti og allra þeirra manna, er lögsögumaðurinn vildi einnefna til að sitja á lögbergi með sér, og hafði lögsögumaður vald á að skipa lögberg þeim er hann vildi;

líklegt er, að goðarnir hafi átt þar sæti, og að þar hafi verið þrír pallar eins og í lögrettunni; og mun þessi tilhögun einkanlega hafa þenað við lögbergisgaunguna (Grágás A. M. I, 26) og þingsetning. (Það er skaði, að menn vita ekki með vissu hvernig lögbergisgaungunni hefir verið háttað, eða til hvers hún eiginlega hefir verið).

Lögbergisgánga: Eigla, hátíðleg formula, samanber Flat-eyjarbók I, bls. 386.

Þar er mannþröng mikil við það tækifæri.

Dómhringurinn á lögbergi hefir verið 10 faðmar í þvermæli eður 30 álnir, en ferhyrningurinn þar innaní hefir verið 15 til 16 álnir á hvern veg upprunalega; á stærð við þenna dómhring munu margir dómhringar hafa verið hér á landi. Dómhringurinn á Húnavatnspíngi er samt stærri; hann er kringlóttur og 11 og 13 faðmar í þvermæli.

Gjörðir manna á lögbergi.

Ef stefnuvottar komu ei til þings, var þeim stefnt um heimasetu að lögbergi: þingsk. þ. 13. kap. (A. M. I, 41), ef dómendum þókti „menn ganga of miðe at dómi“, var þeim stefnt að lögbergi, þgsk. þ. 22. kap. (A. M. I, 65); ef menn áttu fê að þeim, er voru orðnir sekir skógarmenn, þingsk. þ., 35. kap. (A. M. I, 96); sýknu-leyfi öll, er lofuð voru í lögrettu, þingsk. þ. 36. k. (A. M. I, 98); ef þing voru haldin á öðrum stað eða tíma, en vant var, var það sagt upp að lögbergi, þgsk. þ., 39. k. (A. M. I, 116); hér var sagt til sektar manna, s. kap. 117; goði beiddur að nefna fêránsdóma, þgsk. þ. 48. k. (A. M. I, 134); þingsk. þ. 60. kap. (A. M. I, 164) segir: Ef maþr vill segiaz or þingi, . . . Rett er at hann segize or þriþiungi goþa a alþingi, at haþom domum at lögbergi, ef goþi heyrir,¹ (hér er sett rángt komma, því

¹) Samanb. I, 369 og 381. Bls. 483 er þetta eins skrifað, en bls. 484 sker úr þeirri þrætu, þar segir: „Nu gerr þriþiungsmáþrinn

þetta má skilja svo, að dómar hafi farið fram á lögbergi, en hær er einúngis meint, að þessi lýsing átti að fara fram á lögbergi, eptir að dómar voru úti eða háðir; ef selt var land eða annar gripur, arfaþ. 21. kap. (A. M. I, 227). Ef maður lagði lögskuld á mann, sem ekki vildi ganga í borgun fyrir ómaga, t. d. föður sinn og móður, ómaga b 1. k. (A. M. I, 233); eða ef menn vissu ekki, hver skyldastur var frændsemis vegna að framfæra ómaga, sama þátt, 7. kap. (A. M. I, 246). Eða ef menn vildu ekki framfæra ómaga, eða ef menn vildu koma af sér ómaga á annan löglega (festa þ.). Um faðerni barna, er vafasamt var um, eða sem getin voru í meinum, festa þ., kap. 36. (A. M. I, 352). Ef hjón vildu taka saman aptur (hær var spurt að heimilisfáangi manna) sem höfðu skilið um stund, þá skyldi bóndi bjóða henni samvist að lögbergi, festa þ., 55. kap., (A. M. I. 381). Menn lögðu leigur eða rentur á fê manna á lögbergi, kaupa b., 6. kap. (A. M. I, 405); menn lýstu að lögbergi, ef menn tóku þriðjúngsmann utan fjórðungs; öllum áverkum var lýst á hendur mönnum að lögbergi, Víglóði 44. kap., (A. M. II. 84). Öllum sýknuleifum skógarmanna var lýst að lögbergi, og ef þeir voru orðnir sýknir, Vígl., 111 kap. (A. M. II, 160—61), eður ef menn vógu skógarmenn, þá var því þar lýst til skógarmanns-gjalda, sama kap. (A. M. II, 163); hær var og lýst ef menn tóku gripi manns í misgripum; rannsókn þ. 119. kap. (A. M. II, 196); hær var og lýst öllum landabrigðum, landabr. b., 1. kap., (A. M. II, 203). Hær var og lýst lög mála eða lögveði fyrir jörðum og gripum manna, sama, þ., 12. kap. (A. M. II, 234); menn lýstu og að lögbergi mörkum á hvalskutlum, til þess þeir gætu helgað sér hval af skotinu, og eins ef skot fannst í hval. Hær lýstu menn og vogrekum. Hær var og lýst til sekta, ef hásetar vildu ei allir jafnt gjalda fê fyrir, ef varð að kasta vörum af skipi í hafi, um skipa meðferð. 2. kap. (A.

hvartki a brott segiaz a varþingi ne a alþingi, þa er goþa rett, at segia hann a brott at lögbergi at haþum domum oc fösto þingi.

M. II, 403). Menn hlutuðu ómaga milli sín að lögbergi, ómaga b. 10. kap. (A. M. I, 264); menn vörðu og mönnum lýritti að hlaupa af landi brott frá ómögum sínum, í sama þætti, 9. kap. (A. M. I, 263). Því var og lýst að lögbergi, ef maður tók ómaga arftaki, svo öðrum mislíkaði, í sama þætti, 14. kap. (A. M. I, 268). Hér lýstu og byskupar, ef menn urðu sekir um frændsemis-spell, festa þ. 44. kap. (A. M. I, 359). Hér var og lýst legorðs-sökum öllum, festa þ., 49. kap. (A. M. I, 369).

Lögsögumannspátttr. Þat er oc mælt at lögsögomapr er scylldr til þess, at segja up lögbatto alla a þimr sumrom huerjom, enn þingscöp huert sumar. Lögsögomapr a up at segia syenoleyfi öll at lögbergi, svo at meire lutr manna se þar, ef því um nair, oc misseris tal, oc sua þat, ef menn scolo coma fyrr til alþingis enn X vicor ero af sumre, oc tina ymbrodaga halld oc fösto-inganga, oc scal hann þetta allt mæla at þinglausnom, lögsögumanns þ. (A. M. I, 2).


Um fátækramál var stefnt í búanda kirkjugarði eðr að lögbergi, ómaga b. 8. kap. (A. M. I, 258).

Yfirhöfuð var hér lýst öllu sem lýst var, og stefnt öllum stefnum, nema í fátækra málum var stefnt í búanda kirkjugarði.

Öxarárbrú hefir auðsjáanlega verið yfir ána, niður undan þingmannakirkjunni, þar er áin mjóst og lygnust, og að öllu haganlegast að hafa þar brú yfir hana, enda sèst enn við báða árbakkana votta fyrir grjótbálkunum, sem hafa verið hlaðnir undir báða brúarsporðana. Hin forna Öxarárbrú mun hafa verið að öllu vönduð, mikil og ramgjör, sem margar sögur benda á, en þó einkum Kristni saga kap. 9.; þar segir, að Runólfr goði son Úlfs örgoða setti Rángæinga dóm á Öxarárbrú, 999, er hann gjörði Hjalta Skeggjason sekan um goðgá, og gat hann ekki haldið dóminum annarstaðar; þetta bendir á, að brúin hafi verið sterk og þar hafi verið vígi gott, og að brúin muni hafa verið viggyrt, því varla gátu annars verið tiltök, að hann hefði getað haldið dóminum á brúnni, er mannfjöldi hefir sókt að

báðum megin, bæði með skotum og grjóti, enda segir sagan, að Runólfur «gat ekki haldið dóminum fyr, en hann setti hann niður á Öxarárbrú og lét verja brúarskörð¹ með vopnum», þ: hann lét verja vígskörðin á brúnni. Þetta bendir á, að brúin hafi verið víggyrt og með vígskörðum eða víggyrdlum allt í kring, eins og titt var að hafa á fornum brúm. Að fornu Íslendingar hafi haft vandaðar og skrautlegar brýr, sýnir einnig Grettissaga kap. 53., og er þá engu síður líklegt, að allsherjarbrúin á Þingvelli hafi verið talsvert vönduð; eg hygg því, að hin forna Öxarárbrú hafi litið út líkt og myndin (7).

Þíngmannakirkja og búandakirkja. Það er gömul og almenn sögn, að tvær kirkjur hafi í fornöld verið á Þingvelli, er hafi heitið þíngmanna kirkja og búanda kirkja; þetta sanna að nokkru leyti sögurnar, bæði Njála og Sturlunga, því þar er alltaf kallaður búanda-kirkjugarður á



7. Öxarárbrú.

Þingvelli, sem væri tilgángaust orðatiltæki, ef kirkjugarðurinn hefði verið einn. Búanda-kirkjugarður mun því hafa verið kallaður til aðgreiningar frá þíngmanna-kirkjugarðinum eður

¹) brúarsporðana hefir Kristnisaga, kap. IX.; vafasamur lestur í Biskupa sögum bls. 17.

allsþerjar-kirkjugarði. Almenn sögn segir, að þingmannakirkjan hafi staðið þar, sem Þingvalla kirkja stendur nú, og mun það vera rétt; og hellurnar í kringum kirkjuna, sem Ljósveitnínga-saga talar um, bendir á það sama; í kringum alla kirkjuna, eður að norðan og austan, sýnist mér votta fyrir kirkjugarði, og fyrir norðan kirkjuna sèst skýrt votta fyrir grundvelli klukknaportsins, er menn segja að hafi heyrt til þingmanna-kirkjunni, og heitir sá hóll, er það stendur á, klukkuhóll; líklegast þykir mér, að það klukknaport hafi heyrt til þinginu, og að þar í hafi hængið klukka sú, er hríngt var til dóma-útfærslu, Grágás þgsk. þ. 5. kap. (A. M. I, 27) og til lögbergisgaungu, Njála, kap. 124, samt má vel vera, að það klukknaport hafi einnig heyrt til þingmanna-kirkjunni. Eg hygg, að það klukknaport hafi litið út líkt og myndin (8). Þingmanna-kirkjan



8. Klukknaport.

mun hafa verið bæði stór og vönduð, því konungar gáfu viðinn til hennar, Biskupa sögur bls. 71¹; enda var Þingvalla kirkja um tíma allsherjar-kirkja landsins. Þegar kalt var veður, voru lesin upp

¹) Fornmannasögur VI, kap. 54, bls. 266, Landnáma 329. bls., þaraf sèst, að bæði Haraldur Sigurðarson og Ólafur helgi hafa gefið við til kirkna á þingvelli, og Haraldur gaf klukku til þingvalla.

lög í kirkjunni, sem Grágás vottar, samt var kirkjan of lítil til að rúma allan þíngheim, því megnið af þíngheimi stóð úti, sem Sturlunga vottar í 1. þætti, kap. 17., samanber Ljósvefninga sögu, kap. 16, enda hefði þurft mjög stóra kirkju til að rúma allan þíngheim frá 8 16 þúsundir; fyrst það er nú víst, að flokkarnir stóðu vanalega allt í kringum þíngmannakirkjuna, þá fylgir það af sjálfu sér, að þíngmannakirkju hefir verið öðruvísi fyrirkomið en öðrum kirkjum, ef þíngheimur átti að geta heyrt það, sem fram fór í kirkjunni; það er því ætlan mín, að kirkjan hafi haft margar dyr á hliðunum, er menn hafa getað lokið upp, til þess að þíngheimur heyrði betur. Kirkjan mun því hafa verið byggð í sama anda, og hafa verið með því fyrirkomulagi, sem myndin (9) sýnir; þesskonar stöplar (turn) á kirkjum, sem hér er sýndur, eða mjög líkir því, hafa verið til á Íslandi



9. Þíngmannakirkja.

allt fram á þessa öld, og biskupasögurnar geta um þesskonar stöpla; spónþök, eins og hér eru sýnd, hafa verið víða á kirkjum á Íslandi á 17. öld, og á bæjarpiljum á þessari öld. Að hafa húfulag á kór í kirkjum, sem hér er sýnt, hefir snemma

verið tíðkað á Íslandi, sem biskupasögurnar sýna, enda er það svo gamalt á Íslandi, að það er allt frá heiðni, því þesskonar húfa eða hvolf var á Kjalarnesshofinu, sem Kjalnesingasaga vottar; drekahöfuð og drekasporður, líkt og hér er sýnt, til þrýðis, sæst víða á Íslandi á bæjarbustum enn í dag, og er það eptirleifar af þeim gamla sið; sama hefir og sæst á stólum og spónastokkum. Ekki vita menn, nær þíngmannakirkja hefir lagzt niður.

Búanda-kirkja var þar, sem kirkjugarðurinn er nú, og var hún flutt þaðan um 1530 af Alexíus ábóta, þángað sem hún er nú, sbr. Biskupa sögur Jóns Halldórssonar. Í búanda kirkjugarði í fornöld voru haldnir sáttafundir, og fátækrafundir, þar var goldið fê, t. d. lögsögumannskaup og vígsbætur og annar sakeyrir, samkvæmt Njálu, Grágás og Sturlúngu.

Kárastaða stígur er að því leyti merkur í fornöld, að þeir Flosi og Eyjólfur Bölverksson sátu þar uppi á gjárbarminum 1012, þar sem gatan liggur ofan að stígunum, Njála, kap. 139, og er hér stígurinn kallaður efri-gjáin; fyrir sunnan stíginn er gott að sitja og víðsýni mikið, því þar er fagur og sléttur bergstallur, og þar munu þeir hafa setið; nöfnin á Almanna-gjárhömrnum eru sett eptir Grágás og Kristni sögu.

Þínghelgislinan að norðan er sett eptir Sturlúngu, 1. þætti, kap. 19—20, en að sunnan hefi eg sett hana eptir því, sem mér þykir líklegast. Að vestan mun Almanna-gjár-hamar hinn vestri hafa verið takmarkið, en að austan mun þínghelgi hafa byrjað hërumbil örskotí austur frá Lögbergi og Byrgisbúð.¹ Allir voru heilagir fyrir innan þínghelgislínuna, eður þíngmörkin, þessvegna var það skylda og aðalatriðið, er menn settu og helguðu þíng, að segja hver þíngmörkin voru, Grágás, þíngskapa þ. kap. 4 og 37.

Drekkingarhylurinn í Öxará. Hann er að mörgu leyti merki-

¹) Þer ekki saman við Landnámu bls. 330, þar segir, að Hafiði sat fyrir Þorgílsi á Völlum efri.

legur; það elzta, sem eg held að sè sögulegt við þaun hyl, er það, að Þórunar, dætur Guðmundar gríss, munu hafa setið þar og þvegið lèrept sín 1196 – 97, og haft þar sitt merkilega samtal, sem alkunnugt er af Sturlúngu, 3. þætti, bls. 206. Einnig er það sögn manna, að fornmenn hafi framið sundleika í þeim sama hyl, og er það líklegt, því þar er djúpt og lygnt og allgott skjól (sögn Jóns Borgfirðings). — Á seinni öldum var sakakvennfólki drekkt í þessum sama hyl, þeim er höfðu átt börn í meinum, eður borið út börn sín, eður á annan hátt fyrirgert lífi sínu. Þær voru settar í poka og síðan stjakað út í hylinn, það sagði mér gömul kona fyrir norðan. Guðrún Þorkelsdóttir á Hofstöðum í Skagafirði, en hún hafði eptir föður sínum, ef eg man rétt, samanber sögn Jóns Árnasonar biskupsskrifara. — Í Esp. árbók. 7. deild, kap. 7, bls. 15 er getið um, að 1687 var konu drekkt á alþingi, er hafði átt barn í meinum, og 7. deild, kap. 36, bls. 57 segir, að 1687 var konu drekkt á alþingi, er hafði átt barn í meinum, og 7. deild kap. 36, bls. 57 segir, að 1697 var drekkt konu á alþingi, er geymt hafði barn sitt andvana, og enn einni fyrir dulsmál 1708, 6. deild, kap. 56, bls. 83. einnig 6. deild, bls. 115. kap. 79 og 1709 6. deild, bls. 120, kap. 83. konu drekkt á Kópavogs þingi 1704, Esp. árb. VI. bls. 91. kap. 62, annari drekkt í héraði 1705, VI. bls. 93. kap. 64.

Í Þorleifshólma í Öxará voru karlmenn hálshöggfir, sjá ferðabók Eggerts og Bjarna. Guðrún Þorkelsdóttir sagði mér, að karlmenn hefðu verið höggfir í Öxarárhólma. Í kjaptinum á Brennugjá voru galdramenn brendir, og hafa menn ekki alls fyrir laungu fundið þar mannabein og ösku, en ekki fann eg það, og gróf eg þar þó.

Í 2 eða 3 stöðum í Almannagjá voru menn hengdir, samt eru þeir staðir talsvert óvissir og hefi eg sett á mynd einn af þeim eptir sögn manna.

Saunghellir í Almannagjá hefir nafn sitt af því, að þegar stúdentar frá Hólum og Skálholti hittust á Þingvelli, þá reyndu

þeir sig í saung í Saunghelli, en glímdu í Almannagjá (eptir sögn doctor Schevings 1861).

Skötutjörn og Skötugjá á Þingvelli hafa að alþýðu sögn nafn sitt af því, sem nú skal greina; eins og myndin sýnir, þá gengur hin svokallaða Kattargjá eður Skötugjá úr Skötutjörn og beint að túngarðinum, síðan beygist gjáin niður á móts við bæinn og endar með polli, sem er vatnsból á Þingvöllum. Sagan segir, að úr þessari gjá hafi til forna gengið önnur gjá, og allt innundir eldhúsgólfuð, þar höfðu menn hlemm yfir gjánni, og var óþrjótandi silúngsveiði í þessu opi; samt voru þau vandkvæði við þessa veiði, að aldrei mátti veiða nema til næsta máls.¹ Nú segir sagan, að orðið hafi búandaskipti, sem opt kann til að bera, og var sá bóndi, sem nú kemur til sögunnar, bæði illur og ágiarn, og vildi hann ekki hafa af sér þá miklu silúngsveiði, sem var í eldhúsgjánni; hann sat sveittur við gjár-opið og veiddi dag og nótt, þangaðtil hann dró skötu með 7 hölum, aðrir segja með 9 hölum. Bónda varð heldur hverft við þenna drátt, og hugsaði, að hær væri kominn fjandinn sjálfur í skötulíki, hann tók í ósköpum skötuna og kastaði henni með aungli og öllu saman í Skötutjörn, og þaraf hefir tjörnin nafn sitt, en það er að segja af Eldhúsgjánni, að þar hefir ekki veiðzt síðan. — Nikulásar-gjá á Þingvelli dregur nafn sitt af Nikulási Magnússyni, er var sýslumaður í Rángár þingi. Hann drekkti sér í þeirri gjá 1742, sjá Árbækur Espólins, VIII. kap. 103, bls. 148.

Seiglugjá, Túngjá og Fjósagjá heitir gjáin næsta fyrir austan Kattargjá; í Esp. árb. 8. deild, kap. 79. bls. 116 segir, að 1731 fannst Jón Þorkelsson skólameistari í Skálholti fallinn í Fjósagjá á Þingvelli; það sýnir, að fjósið hefir þá verið þar nálægt, eins og enn, sem örnefnið Fjóshóll og bendir á.

BÓANDA KIRKJUGARÐR, sem kallaður er í Njálu, Sturlúngu víða og Grágás víða, ɔ: til c. 1264 heitir hann það, eður á meðan Grágás gildir. Meðan er líklegt, að kirkjurnar hafi

¹) smbr. Skötufoss í Elliðaánum, eins í laginu og skata.

verið tvær, en þá talar allt um forna gildi, og eins lögberg og fjórðungsdómarnir etc. til hvers höfðu menn hann? — Til að grafa í honum menn, því undir þingmannakirkjunni og í kringum hana var alstaðar klöpp.

1. Allar útleigðir er á alþingi voru dæmdar, og sem lögsögumaður átti hálfar, voru dæmdar að borgast miðvikudaginn í mitt þing í bóanda-kirkjugarði, lögsögumanns þáttir (A. M. I, 3). Menn stefndu mönnum miðvikudaginn í mitt þing í bónda-kirkjugarði, ef
2. þeir vildu ekki taka við ómaga, sem var dæmdur á hendur utanhéraðsmönnum, og þar var stefnt um meðgjöf með þeim sama dag, ómagab., 8. kap. (A. M. I, 258), og voru þar dæmdar bætur fyrir, ef menn sóktu ekki ómaga sinn
3. í réttan tíma í bónda kirkjugarð (A. M. I, 260). Þar var og dæmt það fè sama dag, ef tveir menn höldu, eða
4. kostuðu ómaga að hálfu, ómaga b., 10. kap. (A. M. I, 265). Lögrèttufè skyldi dæma á hendur utanfjórðungsmönnum
5. miðvikudaginn í mitt þing í bóndakirkjugarði, en innan-héraðsmönnum á heimili þeirra, festa p., 9. kap. (A. M. I, 320), hær var og eindagað að gjalda sektir fyrir
6. sífjaspell og hórdóma, festa. p., 53. kap. (A. M. I, 377), samt ekki það, sem fèll til lögrèttu, af því það var borgað í lögrèttu, kaupa b., 9. kap. (A. M. I, 413). Þegar menn urðu fèsekir úr tveim fjórðungum landsins (í senn), þá skyldi
7. það fè dæma á alþingi mitt í bónda kirkjugarði, kaupa b., 7. kap. (A. M. I, 407), þar skyldi og dæma útleigðir hálfar sama dag, en hálfar heima, þar er innstæðan var dæmd (A. M. I, 407). Miðvikudaginn í mitt
8. þing var eindagi á því fè í bónda kirkjugarði, er menn urðu að gjalda fyrir hrossagæzlu á alþingi, kaupa b., 38. (A. M. I, 442); hær var og eindagað að gjalda skógar-
9. manngjöld sama dag, eður fè það, er lagt var til höfuðs mönnum handa veganda, Vígl., 3. kap. (A. M. II, 163—164).

10. Hér var og stefnt um skotmannshluti, eða ef menn drógu undan að borga manni verð fyrir skotmanns hlut, ef hvalur var virður; það var eindagað, að borga í bónda kirkjugarði miðvikudaginn í mitt þíng, eður að lögbergi, landabr. b., 64. kap. (A. M. II, 375).

Þínghelgi = Þíngmörk.

Það er fastákveðin lína, sem dregin var kringum þíngstaðinn, líkt og landamerki; fyrir innan þá línu jókst réttur manna að hálfu; inn fyrir þá línu máttu ei sekir menn koma eptir lögunum; þingskapapátttr, kap. IV (A. M. I, 25) segir: »þingheyiendr scola eigi vera um nött af þíngi eþa lengr. Þa eru þeir af þíngi er þeir eru or þíngmarki«; í sama þætti 39. kap. (A. M. I, 116) segir, er menn vildu »muna varþíngi«, eða færa þau úr stað, þá skyldu goðarnir »nafn gefa þíngino, oc qveþa a þíngmörcein«; sá goði er þínghelgina átti, átti að segja upp öll nýmæli á leiðum, kap. 41, (A. M. I, 122).

Þíngbrekka sem misskilið örnefni.

Marga menn hefi eg heyrt nefna Þíngbrekku á alþíngi, ýmist sem dómstað, sem þeir hafa haldið að þar hafi verið, eður sama sem hallann, sem nú er kölluð brekkan fyrir ofan búðirnar fyrir vestan Öxará. Eg verð að geta þess, að þetta nafn er ekki til á Þíngvelli, og var þar aldrei til, nema sem smíðar seinni alda manna. Einúngis var kallað þíngbrekka á vorþíngum og leiðum, þar sem menn mæltu málum sínum á héraðapíngum, en aldrei á alþíngi. Egilssaga Skallagrímssonar, kap. 85–86, Grágás, þingskapapátttr, kap. 58, festapátttr, kap. 8. Þannig er það að minni hyggju alltaf meint í Grágás, og það alveg efalaust á mörgum stöðum; eg vil geta þess, að í festaþætti kap. 49 (A. M. I, 369) er þetta tvírætt, þar segir: »Ef maþr vill lysa legorþs-sök i þíngbrecko eþr at lögbergi, oc scal hann sva mæla« etc.; en kap. 55 (A. M. I, 381) segir

um hjú, sem voru skilin sex missiri, að bóndinn skyldi bjóða konunni til fenginnar vistar, svo að hún heyri, eður að lögheimili hennar, svo lögfastir menn heyri, »enda er rett at bjópa at lögbergi eþr i þingbrecko, oc scal hann þat göra hvart var, ella er hann af rettarfari um hana;» hær á auðsjáanlega að skilja þetta á þann hátt, að bóndanum var rétt að bjóða konunni til samvista við sig, hvert er hann vildi á lögbergi á alþingi, eður í þingbrekku á vorþingi, því hær er um leið nefnt vor. — Þingbrekka hæt og á leiðarþingum staður sá, þar er menn sögðu upp nýmæli (landabrigða bákr, kap. 41). Það sjá og allir, sem þekkja til hinna fornu laga Íslendinga, að það var of aukið að kalla Þingbrekku á alþingi, þar sem lögberg var einúngis ætlað til þess sama, og þingbrekkan var ætluð til á vorþingum og leiðum.

Hamraskarð.

Grágás, þgsk. þ., 1. kap. (A. M. I, 17) segir svo: »Gopi scal ganga i hamra skarp, oc setia niþr þar domanda sinn, ef hann vill dom nefna«. Hær er staður, sem var lögákveðinn í þingsins þarfir, til þess að bæði sakar sækjandi og sakar verjandi gæti þar gengið að þeim mönnum á vissum stað, er goðarnir höfðu nefnt í dóm, því þeir þurftu að vita, hvar hann var, ef þeir vildu ryðja honum úr dómi. Þetta hæt að fara dóma út til hruðnings, og urðu dómendur að sitja úti dægur eða allt að sólarhring, áður en þeir vissu hvort þeir voru álitnir fullgildir í dómana, sem Grágás segir á sömu bls. »Domar scolo ut fara þvattdag, oc vera uti til hruþningar unz sol kemr a þingvöll drottinsdag.« Það er auðvitað, að ef svo áriðandi formúla hefði ekki verið á lögákveðnum stað, að þá hefði það tafið málin og getað hjálpað mönnum að vefja þau, þessvegna hefir þeim þókt nauðsynlegt að hafa til þess fastan og lögákveðinn stað, eins og lögberg og lögrættan var á lögákveðnum stað; þegar goðar nefndu menn í fimtardóm, settu þeir

þá niður í lögrættu, þingskapa þ., kap. 26 (A. M. I, 73), en ekki í Hamraskarði; því allir dómur skyldu senn út fara. En hvar er þetta Hamraskarð? Eg veit hvergi til, að sögurnar eða lögin vísi til, hvar það hefir verið, en samt held eg, að hér sé ekki um nema eitt skarð að villast fyrir austan á, sem geti heitið Hamra-skarð, og það held eg sé Brennu-gjár kjapturinn, sem er með hömrum eða klettum á báðar hliðar. Annað skarð þekki eg ekki fyrir austan á, er eg held að menn geti kallað Hamraskarð. Eg held að áður sé fullsannað, að dómarnir hafi optast farið fram á Völlunum, og þá verður afstaða þessa Hamraskarðs mjög haganleg, því þá verður það á leiðinni frá lögbergi til dómstaðanna, því fyrst gengu menn til lögbergs, annan dag í þingi, og hét það öðru nafni lögbergisganga, hún skeði föstudaginn í 11. viku sumars, Lögsögum. þátr., bls. 4. Síðan voru dómur færðir út til hruðnings, í annað sinn þvott-dags aptan í 11. viku, en optar ekki, því menn færðu ætíð dómana út til hruðninga frá lögbergi, og skeði það með hríng-ingum og viðhöfn, skömmu fyrir sólarlag, eða áður en sól gekk af gjáhamri hinum vestra. Þá setti goði niður dóm-anda sinn í Hamraskarði; skyldi lögsögumaður ákveða, hvar hver einn dómur skyldi sitja, Grágás þingsk. þ., kap. V, og fóru þeir optast fram á Völlunum; þessi niðurskipan staða þeirra þriggja, sem hafðir voru í þingsins þarfir, finnst mér mjög eðlileg.

Sumir kynni að kunna betur við, að láta þetta Hamra-skarð hafa verið fyrir vestan á, en þá fer að vandast málið, því þar eru að vísu til mörg skörð, er geta heitið hamra-skörð, en þó flest svo fjarri dómstöðunum, að ólíklegt er, að fornmenn hafi verið svo óverkhyggir og óhagsýnir, að seilast svo langt eptir stöðum, sem voru jafnopt hagnýttir í þingsins þarfir og jafnnauðsynlegir, og sá staður, er var kjörinn til þess að setja niður dómendur á, er menn skyldu ryðja úr dómi, því það gerðu menn alltaf þegar menn gátu, eða mjög opt, og hafa menn sízt valið mjög afskekktan stað til þess. Fyrir vestan á

er því varla til neins að nefna önnur hamraskörð en þau, sem eru í eystri gjáhamarinn, skarðið eystra (kross-skarð) og skarðið vestra hjá Snorra búð, önnur skörð eru ekki í eystri barminn eða hamarinn á Almannagjá, fyr en kemur upp undir lánga-stíg, og er það alltof langt burtu, og sama er að segja um skörðin í vestri Almannagjárhamarinn; þau eru of langt burtu, og öll að mínu áliti í alla staði óhentug til þess.

Ef menn gætu sannað, að dómur hafi nokkur tíma farið fram fyrir vestan á fyrir 16. öld, þá væri nokkuð öðru máli að gegna, en það held eg verði illt að sanna, því eins og eg hefi áður bent á, þá held eg að það sé markleysa, sem katastasis segir, að fjórðungsdóma-þingstaður hafi verið milli hinna fyrgreindu skarða, þess eystra (kross-skarðs) og þess vestra hjá Snorrabúð, því eins og áður er sýnt, þá var ekki dómunum takmarkaður staður eptir Grágás, þgsk. þ., kap. 5, og því skyldu menn ákveða stað fyrir einn fjórðungsdóm, en ekki fyrir hina 3, og hvar finna menn þá leifar af því mikla búðarvirki Orms Svínfellings, er var hátt uppi á brekkunni fyrir vestan Öxará eptir Sturlúngu? — Menn kunna að svara mæ, að það sé = búð Snorra goða, sem er uppá brekkunni þar nálægt, en fjórðungsdómarnir hafi farið fram á gjábarminum þar fyrir austan, og að skarðið vestra, þar fyrir vestan, sé það umtalaða hamraskarð eða þá kross-skarð. Eg verð að geta þess, að vestra skarðið er ekki hentugt fyrir marga menn að sitja í, því þar yfir liggur almenningsvegur; það er og rétt milli tveggja búða, Hlaðbúðar og Snorrabúðar, en eystra skarðið er lítið fyrir marga og hallandi og mjög næðingasamt að sitja þar, nema í góðviðri, því skarðið liggur hátt, og hafa menn því varla valið þann stað til að færa þángað út dóma til hruðnings, en í Brennugjár-kjaptinum er allhentugt að setja niður dómendurnar, vegna afstöðu hennar, og þar hefir til forna verið fagurt, því þar fyrir framan hefir verið slétt grund, sem Öxará er nú búin að brjóta alveg upp að gjármynni, þar er og gott skjól fyrir illviðrum, sem dómendur hafa sannarlega þurft,

er þeir máttu sitja þar heilar nætur aðgjörðalausir, opt í næðingum,¹ samt getur maður vel hugsað sér, að þeir hafi tjaldað

¹) Eg býzt við, að almenningur hafi tekið eptir því, að fornmennt dæmdu vanalega ekki á daginn á alþingi, heldur á nóttunni, einsog var titt hjá forn-Grikkjum, og sem Enskir tíðka enn í dag.

1. Í Bandamanna sögu bls 19, segir, að engi frétt fór af því um nóttina, að Ófeigur karl hafði gert Óspak sekan; rétt á eptir segir sagan, er Ófeigur lýsti sekt hans að lögbergi: hær varð
2. maðr sekr í nótt, er Óspakr heitir, í Norðlendinga dómi, um vig Vala. Í Njálu, kap. 122, bls. 186 segir, þegar eptir að málið eptir
3. Höskuld var sætt á þingi: „Enn föstunóttina skyldu fara út dómur til sýknar; er nú kyrt þingið þangað til.“
- Í Grágás, þingskapa þ., kap. 1 (A. M. I, 17—18) segir: „Domar scola ut fara þvattdag, oc vera uti til hrupningar unz
4. sol kemr a þingvöll drottinsdag.“ Í þingskap. þ., 4. k. (A. M. I, 25) segir svo: „Fara eigo menn um daga at leita hrossa
5. sinna, sva at eigi dveli þat gögn fyrir maunnum eða domnefnu fyrir goðum, ef hann vill þa i dom nefna.“ 3: þeir dæmdu um nætur. — Enn fremur segir í þingsk. þ., 6. kap. (A. M. I, 33, ef dómanda var rutt úr dómi fyrir goða, þá skyldi hann nefna annan mann í dóm og skyldi hann „hafa nefndan hann áður
6. sól kæmi á þingvöll, ef ráðrúm var til.“ Í sama kap. bls. 34 segir: „Eigi scal dom ryþia lengr en sol komi a þingvöll.“ Bls. 54 segir sami þáttur í 16. kap.: „Ef buar halda frumqvíð
7. til þess er sol kömr á þingvöll, þa a eigi at meta qvíðburð þeirra, ef þeir bera ei a, er þeir bera síþarr;“ í sama kap., bls. 56—57 segir svo: „Enn menn scola sakir hafa framfört
8. allar apr sol se undir, þær er til ero bunar, apr domar fari ut til socnar; enn ef eigi ero framsagþar, þa er þat vörn, en frumgögn scola borin apr sol komi a þingvöll inn næsta dag eptir, þau er þeim söcom eigi at fylgja.“ Í sama þætti 18. kap. (A. M. I, 59) segir, „að maðr mátti ei dvelja vætti sva lengi, að eigi væri kviðr borinn er sól kom á þingvöll, því vætti skyldi fara fyr fram en kviðr.“ Í sama þætti, 53. kap. (A. M. I, 138)
10. segir svo: „Sva scal meta sem af se borinn qvíðr, ef sa dvelr er qvaddi, unz sol kömr a þingvöll.“ Í sama þætti, 38. kap. (A. M. I, 104) segir um vorþing: „Domar scola fara ut, sva at sacir
11. comi i allar fyrr en sol se undir;“ hær er tekið fram, að öll aðferð var höfð hin sama og á alþingi.
12. Egils saga, kap. 85 segir, að um kveldit fóru dómur út á þverárþingi, er þeir deildu Egill og Önundur sjóni.

yfir gjárkjaptinn sèr til skjóls, og hafa þeir mäske valið þann stað þessvegna.

13. Í Grágás, kaupab. 9. kap. (A. M. I, 413) segir um skuldadóm:
•Sakir scola framkomnar allar aþr sol se undir, siþan scal dōma um nottina, oc um morgoninn eptir; lokit scal domi at miþiom degi annan daginn. •
 14. Í Landabr. b. í Grágás, 41. kap. (A. M. II, 322) segir um af-rèttardōma: •Frumgōgn scola borin i dom þann aþr stjarna comi a himin [aþr sol se undir]. Þeir scola dōma þa nott, nema þeir vili allir heldr of daginn eptir. Lokit scal domi þeirra fyr miþian dag annan dag eptir. •
-

Eptirmáli.

Mörgum kann að finnast, að eg hafi verið djarfur í getgátum mínum um búðir og mannvirki fornanna á Þingvelli, og annað fleira þar að lútandi, en eg hefi líklega haft nokkuð annað augnamið, en aðrir, sem hafa hugsað um það efni, og þareptir verða menn að dæma mínar atgjörðir, menn verða að gæta að því, að það er ekki ætíð uóg að fara eingaungu eptir þeim vissustu sögulegu sönnunum, því þær hrökkva oft ekki til; en nauðsyn getur oft brotið lög. Allt kemur uppá, í hvaða tilgáangi menn rannsaka Þingvöll og aðra staði, og til hvers menn ætla að hagnýta sér þá rannsókn; eg hefi rannsakað Þingvöll svo sögulega, sem eg hafði vit á, og hagnýtt allt, sem mér þókti geta sannað nokkuð, en komið með getgátur, hafi eg haft nokkra átyllu; þetta finnst mér ekki saka, fyrst eg gjöri grein fyrir á hverju eg byggi það, því þá geta allir vinsað úr það, sem þeim þykir sennilegast, en látið hitt falla burt sem lausa getgátu mynd, ef þeir finna annað sennilegra. Eg hefi heldur ekki gefið sumt út fyrir annað en getgátu, og sel heldur ekki neitt dýrara, en eg hefi keypt það.

Sumum kann að mislíka, að eg hefi sett sum miður áreiðanleg nöfn á myndina, en hefði eg ekki gjört það, hefðu menn ekki skilið hvað eg fór, en það geta menn nú varla misskilið; nóg ætla eg sè komið af einúngis óljósum myndalausum skriflegum lýsingum um Þingvöll, sem ýmislega má skilja, og sem geta orðið þrætu-efni, og mun eg láta mér þeirra víti að varnaði verða. Eg mun heldur ekki reiðast,

þó menn rengi mínar tilgátur, ef þeir geta komið með annað líklegra í staðinn.

Enn verð eg að geta þess, að jafnframt því, að eg hefi rannsakað Þíngvöll sögulega og fyrir sögumenn, hefi eg rannsakað hann íþróttalega, eður fyrir íþróttamenn, eður sem málari. Í þeirri vísindagrein verða menn ætíð að láta sér nægja léttari saunanir, ef ekki er annað til; fyrir þeirra hönd gjöfi eg mig heldur ánægðan með litla sönnun heldur en enga. Eptir að Íslendinga sögur verða meir og meir þekktar í útlöndum, geta menn búizt við á hverri stund að menn búi til drama, hvarí Þíngvöllur er „leikflöturinn“; sama geta Íslendingar sjálfir gjört, er fram líða stundir, verður þá málariinn að sýna einhvern lit á, að hafa leiksvæðið sem líkast þeim stað á Þíngvelli, þar sem viðburðurinn fór fram, hvort sem það var á lögbergi eða í löggrétu, eður við dóm eður búðir, eður aðra sèrskilda staði, sem hann er bundinn við. Líka getur verið, að málari vili mála einhvern viðburð, er skeð hefir á Þíngvelli undir berum himni, og verði landslagið að sjást nákvæmt á myndinni; er þá nauðsynlegt, að hann komist sem næst því, hvar á Þíngvelli viðburðurinn hefir skeð. Látum það skakka nokkrum föðmum, það sakar lítið til, eða er betra en gjörsamlega fjarstætt því rétta, en auðvitað er, bezt væri að það væri sem næst því rétta, en hvað sem því líður, munu málara samt varla láta það hindra sig; er því betri lítil sönnun en gjörsamleg óvissa. Þessvegna leyfi eg mèr að vera nokkuð djarfur, að eg veit, að aðrir muni verða ekki síður djarfir þótt seinna verði, og þó ef til vill, með minni ástæðum, sem þeir eru þá einu eða tveimur hænufetum fjær fornöldinni.

Eg hefi sumstaðar sett búðamyndir, enda þó eg hafi ekki verið viss um að þar hafi verið búðir; eg hefi gjört það til að benda mönnum á það til nákvæmari aðgæzlu, enda er ekki mögulegt að segja um þesskonar með vissu, án þess að grafa fyrir því.




Alþing við Öxará.

1. Steinþór á Eyri?
2. Gestur Oddleifsson? 991.
3. Snorri goði. Virkisbúd. 1012.
- 3a. búd sverðskriða og trúða.
4. Fjórdúngsdómur líklega virki Orms Svinfellings.
5. Vestfirðinga búd. 1000.
6. Grimur Svertingsson að Mosfelli. 1002-1003. Önundur að Mosfelli 1006. — Sudurnesjagöðorð.
7. Markús Skeggjason. 1084-1107. (Illugi hinn rauði á Innrahólmi?)
8. Skapta búd (Ölvesinga búd). 1011. (1004-1030).
9. Gunnars búd 965. Njáls búd. Holta-manna búd.
10. Rángvellinga búd og Dalverja.
11. Þorskfirðinga búd. 947-953.
12. Gizur hvíti. Mosfellinga búd. 1000-12.
13. Geir goði. 1000.
14. Höskuldur Dalakollsson. 984.
15. Mördur gigja. 961-970. Mördur Valgarðsson. 1012. Rángæingabúd.
16. Ásgrímur Elliðagrimsson. 1000-1012.
17. Egill Skallagrimsson. 970. — (Þorkell trefill).
18. Reykholtisdals og Skorradalsmenn. 1017 (aður Túngu-Oddur?)
19. Vatnsfirðinga búd. 1012-1016.
20. Långdæla búd. 1017. Þórarinn spaki Långdælagóði. 1015.
21. Viðdæla búd. Styrmis?
22. Vatnsdæla búd?
23. Skagfirðinga búd (Hafurhinn auði. 1011).
24. Fljótamanna búd.
25. Möðruvellinga búd. 1012. 1003-1025.
26. Hlaðbúd. Þórður gellir. Eyjólfur Bólverksson. 1012.
- Þórður Sturluson. 1224-1229.
27. Gryta. Snorri Sturluson. 1213-1214.
28. Þorgeir Ljósvefningagóði. 1000 Lög-rétta c. 1700 (1570-1800). fyrst undir þaki 1691.
29. Hjalti Skeggjason? (Hjaltðælabúd).
30. Þorgeir Þórisson flatnefs. 985.
31. Víga-Skúta og Arnór frá Reykjahlíð. 985.
32. Flosabúd?
33. Lögrétta. 1229-1570.
34. Hirdstjórabúd til 1691.
35. Öxarárbú. Rángæinga dómur settur. 999.
36. Biskupabúd. Gyrðsbúd. 1056.
37. Flosa búd. Svinfellingabúd. 1011.
38. Síðu-Hallsbúd. 1011.
39. Hróar Túngugóði og Mýdælir (þáttur Þorleifs jarlaskálds).
40. Búanda kirkja og kirkjugarður. c. 1000-1530.
41. Þingmanna kirkja.
42. Klukkuhöll. hëðan bringt til dóma.
43. Hólmsteinn Spakbersason. 1012.
44. Fljótadælabúðir.
45. Hofsverjabúd?
46. Njarðvíkingabúd?
47. Illugi svartí. Þorgils Hölluson. 980-1010.
48. Heydæla búd?
49. Hrafnkell Freysgoði. Þórir Hrafnkels-son. 1012?
50. Hallbjörn sterki. 1012.
51. Suður-Kiðjafellsping.
52. Samsbúd? 947-953.
53. Hamraskarð. Hér settu goðar niður dómendur (Grágás).
54. Ljósvefningabúd. Þorkell hákur. 1008-1015.
55. Reykdælabúd. 1012.
56. Öxfirðingabúd. 1012.
57. Guðmundur ríki. c. 995-1002.
58. Einar Þvereingur. Þórir Helgason. Esphælingar. 990-1014.
59. Norðlendingadómur. 1017. (Band.). Vestfirðingadómur. 1120. (Sturl.). Rángæingadómur. 1012. (Njála). Austfirðingadómur. 1011. (Njála).
60. Lögrétta. 1012. 1017-24. 1050-60 (Band.). 1234 (Sturl.). Fimtardómur. 1004-1100.
61. Jöklamannabúd. 1234. (Rauðmelinga. Hofgarðagoða búd).
62. Austfirðingabúd. 1234. Þorkell Geitis-son. 1000-1012.
63. Fylking Kolbeins únga. Orms Svin-fellings og Þórarins. 1234.
64. Valhallardilkur. (Úrækja. 1234).
65. Valhöll. Snorri Sturluson. 1217. 1229. 1231. 1234.
66. Sturla Sighvatsson. 1229.
67. Flokkur Snorra Sturlusonar. 1234.
68. Fylking Snorra Sturlusonar. 1231.
69. Fylking Snorra Sturlusonar. 1234.
70. Fylking Úrækju. 1234.
71. Tópt. Hér var ráðin atföð við Njál og sonu hans 1011? -- Tjaldstaður presta?
72. Hér sátu Þórunnar, dætur Guðmundar griss. 1196.
73. Framdir sundleikar (að sögn).
74. Allsherjarbúd. 1217. 1231. Magnús góði. Sæmundur í Odda. 1217.
75. Byrgisbúd. Flosabúd. 1012. hér settur dómur 1120. (Vestfirðingadómur).
76. Lögrétta og allir dómur frá 929-965. Austfirðingadómur 947-953.
77. Fylking Snorra goða. 1012.

NG VID

n hærri



1. I
2. C
3. S
- 3a. I
4. I
5. S
6. C
7. I
8. S
9. C
10. I
11. I
12. C
13. C
14. F
15. M
16. V
17. A
18. F
19. V
20. I
21. L
22. V
23. S
24. I
25. F
26. M
27. H
28. B
29. P
30. G
31. P
32. rē
33. bē
34. H
35. p
36. V
37. 9
38. F
39. I
40. H
41. C
42. 9
43. B
44. F
45. S
46. H
47. P

1878.



